

# MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA

www.mosfellingur.is



14. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 9. DESEMBER 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Mynd/RaggiÓla

Ljósaskreytingar við Hlégarð • Hugmynd úr lýðræðisverkefninu Okkar Mosó

## Jólagarðurinn vekur lukku

Jólagarðurinn við Hlégarð hefur heldur betur slegið í gegn á adventunni. Verkefnið var kosið til framkvæmda í Okkar Mosó 2021. Næstu sunnudaga kl. 13-17 verða uppákomur í garðinum með jólasveinum, kórum og heitu súkkulaði.

www.fastmos.is

## VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG!

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

Svanþór Einarsson

☎ 698-8555

Sigurður Gunnarsson

☎ 899-1987



Svanþór Einarsson löggiltur fasteignasali

Fastmos ehf.

## Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a  
Mosfellsbæ



N1 ALLA LEIÐ

Mosfellingurinn Halldóra Sif Guðlaugsdóttir fatahönnuður og klæðskeri

## Hefur hannað og þróað sitt eigið vörumerki »24



MOSFELLSBAKARI.IS  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60

## HÁTÍÐARKAKA Í MOSFELLSBAKARÍ

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 23. desember

## Jólin alls staðar

Ég fór í Helliggerði í Hafnarfirði fyrir jólin í fyrra eins og annar hver Íslendingur og naut þar ljósadýrðar með fjölskyldunni. Mikið sem ég

hugsaði þá hvað við í Mosfellsbæ værum mikill eftirbátur þeirra. Þar að auki voru þau með heilt jólaþorp. Ég ætlaði nú að vera búinn að skrifa um þetta en nú er það líklega of seint.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

Mosfellingar tóku sig saman á árinu og kusu Jólagað til sögunnar í Okkar Mosó 2021 og nú er hann mættur. Þvílíkt sem hann veur mikla gleði í hjörtum gesta, það er alveg magnað. Það þarf ekki alltaf mikið til að gleða okkur, sérstaklega ekki á þessum síðustu og verstu.

Næstu sunnudaga verða skemmtilegar uppkomur í Jólagaðinum kl. 13-17. Þá verður Hátíðarvagninn með heitt kakó og piparkökur, mosfellskir kórar syngja og jólasveinar láta sjá sig. Ég hvet Mosfellinga til að njóta dýrðarinnar í desember og fagna hátíð ljóss og friðar.



## ÍSFLUGL

www.isflugl.is



## Í PÁ GÖMLU GÓÐU...



Fyrir jólin var haldinn markaður í Álafoss föt bezt og að sjálfsögðu mættu þar jólasveinar, en það einkennilega er að áður gengu þeir allir í skólahljóm-sveitina og spila þar á fullu.



Í ÁLAFOSKVOS 5. DESEMBER 2021

## ÁLAFOSS-FÖT BEZT

Fyrirsögnin blasir við okkur í Álafoskvosinni og hefur gert í áratugi. Starfsemi í húsinu hefur verið af ýmsum toga um langt skeið. Fyrir um 20 árum var þarna fyrirtæki í veitingarekstri sem bar nafnið ÁLAFOSS-FÖT BEZT. Bræðurnir Karl og Steinar Tómassynir og eiginkonur þeirra áttu og ráku staðinn. Auk veitinga var þarna umfangsmikið tónleikahald og ýmsir menningarviðburðir svo sem upplestur úr nýjum bókum á jólaföstudunni. Efri myndin er úr úrklippusafni SkóMos. Þessi hópur var mikið á ferðinni og spilaði jólalögina jafnt í heimabyggð og á Laugaveginum í Reykjavík - Hilmar Gunnarsson, trompet, Tryggvi Gunnarsson, barítón, Baldur Rafnsson, trommur, Sigurður Valsson, túba, Ólafur Stefnir Jónsson, básúna, Jens Guðjónsson, trompet.

Umjón: Birgird D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

## Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn
- 7.600 kr. á mánuði



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Egilína S. Guðgeirsdóttir



Þórhildur M. Sandholt  
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson  
Aðstoðarmaður fasteignasala

## BLIKAHÖFÐI - ENDAÍBÚÐ



Rúmgóð 120,7 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð ásamt 27,6 m<sup>2</sup> bílskúr. Samtals 148,3 m<sup>2</sup>. Íbúðin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús með borðkrók, sjónvarpshol og stofu. Sérgeymsla í kjallara. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsrækt og golfvöll.

V. 73,5 m.

## ÁSTU-SÓLLILJUGATA - GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS



Glæsilegt 302,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með stórum bílskúr. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Mikil lofthæð og mikið af innbyggðri lýsingu. Stór timburverönd með tveimur pottum. Stórar þaksvallar með glæsilegu útsýni.



## EYJABAKKI

Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 100 m<sup>2</sup>, þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m<sup>2</sup>.

V. 5,4 - 6,3 m.



## BUGÐUFLJÓT

Nýtt atvinnuhúsnæði sem er að rísa á stórrí lóð. Bilin eru 113,6 m<sup>2</sup> og verða afhent í janúar 2022. Tvær innkeyrsluhurðir eru á hverju bili. Mögulegt er að fá rétt á að skrá milliloft í bilin, fjölga þannig fermetrum og auka verðmæti þeirra.

V. 39,2 m.



## LILJUGATA

Ný 69,8 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í forstofugang, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Íbúðin leigist út með ísskáp, uppþvottavél, þvottavél og þurrkara. Eingöngu langtímaleiga í boði.

V. 215 þ. á mánuði



## BJARKARHOLT

81,7 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 4. hæð ásamt stóru stæði í bílageymslu í nýlegu fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Íbúðin leigist út með kælskáp og uppþvottavél. Meðmæli og 3ja mánaða leigutrygging.

V. 250 þ. á mánuði

# Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir eigna

## VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG



Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
698-8555  
Svanthor@fastmos.is

Sigurður Gunnarsson  
Löggiltur fasteignasali  
899-1987  
Sigurdur@fastmos.is



## Listapúkinn hlýtur Múrbrjótinn 2021

Múrbrjótur Landssamtakanna Þroskahjálpar var afhentur á alþjóðlegum degi fatlaðs fólks 3. desember. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, nýr félagsmála- og vinnumarkaðs-ráðherra, afhenti Múrbrjótinn við hátíðlega athöfn en í ár voru þrír einstaklingar sem hlutu viðurkenninguna og þar á meðal einn Mosfellingur, Listapúkinn, Þórir Gunnarsson. Þórir hlaut viðurkenningu fyrir baráttu fyrir aðgengi að listnámi án aðgreiningar og framlag á sviði lista. Þroskahjálpar hefur frá árinu 1993 haldið upp á þennan dag með því að veita Múrbrjóta. Hann hljóta þau sem þykja hafa sýnt frumkvæði og ýtt undir nýsköpun varðandi þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu og þannig sýnt mikilvægt frumkvæði og framtak við að brjóta niður múra í samfélaginu, sem og viðhorf fólks sem hindra að fatlað fólk fái þau tækifæri sem það á að njóta til jafns við aðra.



TÖLVUGERÐ SKISSA AF MIÐBÆJARSVÆÐINU

## Miðstöð hönnunar og arkitektúrs heldur utan um samkeppni • Fimm manna dómnefnd Efnt til hugmyndasamkeppni um miðbæjargarð við Bjarkarholt

Mosfellsbær hefur ákveðið að efna til hugmyndasamkeppni um miðbæjargarð við Bjarkarholt. Gerður verður samningur við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs um að halda utan um undirbúning og framkvæmd hugmyndasamkeppninnar.

Í deiliskipulagi fyrir miðbæ Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir miðbæjargarði við Bjarkarholt. Svæðið er um hálfur hektari að stærð og tillaga um garðinn byggist meðal annars á áliti rýnihópa íbúa sem lögðu áherslu á græna ásýnd miðbæjarins.

Skipuð verður fimm manna dómnefnd þar sem verða tveir fulltrúar bæjarstjórnar, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar auk tveggja fagaðila sem Miðstöð hönnunar og arkitektúrs tilnefnir. Helstu tímasetningar eru þannig að verkefnalýsing og kynningarefni verði tilbúið til auglýsingar 6. janúar 2022, samkeppnin verði auglýst opinberlega og kynningarfundur haldinn 10. janúar 2022, skilafrestur

tillagna verði til miðnætis 21. mars 2022. Að þessu loknu taki við vinna dómnefndar og niðurstaða samkeppninnar verði kynnt sumardaginn fyrsta sem verður 21. apríl 2022

### Lunga nýja miðbæjarins

„Ég bind miklar vonir við þessa hugmyndasamkeppni og sé fyrir mér að miðbæjargarðurinn geti orðið eins konar lunga nýja miðbæjarins þar sem íbúar geti notið falllegs umhverfis, gróðurs, veitinga og stundað einfaldari íþróttir með börnum, vinum og fjölskyldu,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Miðbæjargarðurinn hefur alltaf verið hugsaður sem miðja svæðisins og mikilvægt er að nýta tækifærið til að þróa miðbæinn okkar saman sem stað þar sem við komum saman, njótum lífsins og sinnum heilsuefningu,“ segir Haraldur.



## Uppákomur í jólagarðinum á næstunni

Jólagarðurinn við Hlégarð hefur slegið í gegn á adventunni. Verkefnið var kosið í Okkar Mosó 2021. Næstu sunnudaga verða ýmsar uppákomur í garðinum milli klukkan 13 og 17. Hátíðarvagninn mætir með heitt kakó og piparkökur og jólatónlist mun óma um garðinn. Kl. 14 sunnudaginn 12. desember mæta Eysteinn álfur og Hulda búálfur og heilsa upp á börnin auk þess sem jólasveinar verða á vappi og Kammerkór Mosfellsbæjar syngur kl. 15:30. Sunnudaginn 19. desember verður það Karlakór Kjalnesinga sem syngur nokkur lög kl. 14:00 og 15:30 auk þess sem jólasveinar verða á ferðinni. Tilvalið er fyrir fjölskyldur að upplifa ljósadýrdina og skapa minningar á adventunni. Nægt pláss er á svæðinu og fólk hvatt til að virða sóttvarnir og fjarlægðarmörk.



## Bangsagjöf frá kvenfélaginu

Kvenfélag Mosfellsbæjar færði Slökkviliðinu á Skarhólbraut glaðning þann 1. desember. Þá fékk stöðin sjúkrahúlabangsa að gjöf sem hafa komið sér vel fyrir yngstu farþegana því erfitt getur verið fyrir börn að ferðast með sjúkrahúli. Áður hafa kvenfélagskonur gefið bangsa til sjúkralutningamanna sem reynsta hafa vel.



## Ábendingar óskast um íþróttafólk

Það stýttist í kjör íþróttakonu og íþróttakarls Mosfellsbæjar 2021. Óskað er eftir útnefningum og ábendingu til 18. desember sem skulu sendast á [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is). Þeir sem eru gjaldgengir sem íþróttakarli og íþróttakona Mosfellsbæjar skulu koma úr röðum starfandi íþróttafélaga/deilda í bæjarfélaginu eða vera með lögheimili í Mosfellsbæ en stunda íþrótt sína utan sveitarfélagsins.

## KIRKJUSTARFIÐ



## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Helgihaldið í Lágafellssókn tekur mið af stöðunni í samfélaginu. Á adventunni (12., 15. og 19. desember) þarf fólk að skrá sig á viðburði í kirkjunni inni á heimasíðu.

### Sunnudagur 12. desember

#### SKRÁNING Á HEIMASÍÐU

Litlu jóla barnastarfsins kl. 13 í Lágafellskirkju. Syngjum jólasöngva og fáum góðan gest í heimsókn.

### Sunnudagur 19. desember

#### SKRÁNING Á HEIMASÍÐU

Guðspjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir þjónar.

### Hátíðarguðspjónustur 24., 25. og 31. desember, framvísa þarf neikvæðu Covid-prófi við kirkjudýrnar.

### Kyrrðardagur á aðventu

Í Mosfellskirkju laugardaginn 12. des. kl. 9–11, umsjón: sr. Arndís Linn

### Aðventusamsögur í Lágafellskirkju

#### SKRÁNING Á HEIMASÍÐU

Syngjum saman jólasálm- og söngva miðvikudaginn 15. desember kl. 20.

Nánari upplýsingar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is) og endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlum facebook & instagram

# TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

480.000 KR.  
VSK verð-  
hækkun um  
áramótin\*

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á  
DRIFRAHLOÐUNNI

PLUG-IN HYBRID



4xe

JEEP WRANGLER RUBICON  
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

4xe

JEEP COMPASS  
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

4xe

JEEP RENEGADE TRAILHAWK  
TORFÆRUÚTGÁFA

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.  
Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

\*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000 KR. um áramótin, vegna VSK hækkana.

\*\*Bjóðum upp á 35"-40" breytingapakka fyrir Wrangler.

 ISBAND

UMBODSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

 Jeep

## Kolbrún býður sig fram í 1. sæti

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi, varaformaður bæjarráðs og formaður fræðslunefndar býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Hún hefur setið í bæjarstjórn frá árinu 2014 og var áður fyrsti varabæjarfulltrúi 2010–2014.



Auk þess hefur Kolbrún setið í stjórn skíðasvæðanna og situr nú fyrir hönd Mosfellsbæjar í stjórn Sorpu byggðasamlags. Kolbrún var formaður fjölskyldunefndar frá 2010–2016. Kolbrún er kennari og lýðheilsufræðingur að mennt og stundar nú nám í stjórnun menntastofnana við Háskóla Íslands. „Ég hef búið í Mosfellsbæ með hléum í 45 ár og á þrjá syni. Mitt hjarta slær í Mosó og brenn ég fyrir þeim verkefnum sem ég tek að mér. Ég hef mikla löngun til að vinna með góðu og jákvæðu fólki að mállefnum Mosfellinga,“ segir Kolbrún.

## Hjörtur býður sig fram í 4. sæti

Hjörtur Örn Arnarson gefur kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðismanna sem fer fram 5. febrúar 2022. Hjörtur er landfræðingur frá Háskóla Íslands og með framhaldsmenntun í kortagerð og landmælingum frá Danmörku.



Hann er giftur Klöru Gísladóttur kennara í Helgafellsskóla og eiga þau saman 3 börn. Hjörtur hefur starfað í verkfræðigeiranum í hátt í 20 ár og komið að skipulagsmálum, landmælingum og kortagerð. Hjörtur hefur tekið þátt í starfi Aftureldingar í gegnum tíðina, bæði sem þjálfari og sjálfboðaliði. „Ég býð fram krafta mína í bæjarpólitíkinni í Mosfellsbæ og óska eftir stuðningi í 4. sæti. Ég hlakka til að takast á við spennandi verkefni í þágu bæjarbúa í þeirri miklu uppbyggingu sem fram undan er í sveitarfélaginu.“

## Arna Hagalíns gefur kost á sér í 2. sæti

Arna Hagalíns býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Arna er með B.Ed frá Kennaraháskóla Íslands og MBA-gráðu með áherslu á mannauðsstjórnun frá háskólanum í Aberdeen í Skotlandi. Arna starfar sem rekstrar- og fjármálastjóri hjá E. Gunnarsson ehf. auk þess að þjálfra fólk í að auka eigið sjálfstraust hjá Dale Carnegie. „Ég brenn fyrir mannlegu málunum, skóla-, íþrótta- og tómstundamálum. Er metnaðargjörn, jákvæð og lausnamiðuð og er þeirrar skoðunar að góður árangur sé afrakstur góðrar samvinnu. Á kjörtímabilinu hef ég starfað sem varabæjarfulltrúi, aðalmaður í fræðslunefnd, varamaður í menningar- og nýsköpunarnefnd og fulltrúi í Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. „Ég veit að reynsla mín, þekking og menntun getur komið að gagni og óska ég eftir stuðningi til að halda áfram að efla og styrkja okkar framsækna samfélag.“



Arna starfar sem rekstrar- og fjármálastjóri hjá E. Gunnarsson ehf. auk þess að þjálfra fólk í að auka eigið sjálfstraust hjá Dale Carnegie. „Ég brenn fyrir mannlegu málunum, skóla-, íþrótta- og tómstundamálum. Er metnaðargjörn, jákvæð og lausnamiðuð og er þeirrar skoðunar að góður árangur sé afrakstur góðrar samvinnu. Á kjörtímabilinu hef ég starfað sem varabæjarfulltrúi, aðalmaður í fræðslunefnd, varamaður í menningar- og nýsköpunarnefnd og fulltrúi í Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. „Ég veit að reynsla mín, þekking og menntun getur komið að gagni og óska ég eftir stuðningi til að halda áfram að efla og styrkja okkar framsækna samfélag.“

## HRINGVEGURINN Í GEGNUM BÆINN HELDUR ÁFRAM AÐ BREIKKA



## Nýframkvæmdir Mosfellsbæjar og undirbúningur næsta árs

# FRÉTTIR AF HELSTU FRAMKVÆMDUM

Á hverju ári eru margháttaðar framkvæmdir á vegum Mosfellsbæjar auk þess sem unnið er að framkvæmdum í samvinnu við ríkið.

Nú stendur yfir undirbúningur vegna viðbyggingar við Leirvogstunguskóla sem mun hýsa eldhús skólans og er gert ráð fyrir því að framkvæmdirnar hefjist um næstu áramót.


Þá var 2. og 3. áfangi Helgafellsskóla tekinn í notkun í ágúst 2021 og hýsir skólinn nú starfsemi fyrir börn frá eins árs upp í 10. bekk. Í þessum áfangu voru sérgreinastofur og glæsilegur samkomusalur tekin í notkun. Þá er undirbúningur hafinn við hönnun og síðar byggingu íþróttahúss við Helgafellsskóla.

Loks er hönnun og bygging nýs leikskóla í Helgafellslandi nú í vinnslu en hönnun skólans var boðin út í ár og stendur hönnunin nú yfir. Leikskólinn mun standa á lóð við Vefarastræti 2-6 og gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði boðin út vorið 2022.

Að auki hafa verið í gangi umfangsmiklar endurbætur á húsnæði Mosfellsbæjar s.s. í íþróttamiðstöðinni að Varmá þar sem fjórir búningaklefar hafa verið teknir í gegn og í Krikaskóla þar sem gluggar hafa verið endurnýjaðir og lagdir og dren kringum skólann ásamt endurnýjun gólfplötu og gólfefna.

## Framkvæmdir í samvinnu við ríkið

Vesturlandsvegur milli Skarhólbrautar



Leikskólinn verður um 1.700 fermetrar að stærð, byggður á tveimur hæðum og þar er gert ráð fyrir stóru útileiksvæði ofan á þaki neðri hæðarinnar eins og sést á meðfylgjandi vinnuskjali.

## Mikill áhugi á hugmynd Mosfellsbæjar og Veitna

# Undirbúningur Orkugarðs í Reykjahverfi hafinn

Nýting á heitu vatni á Íslandi á sér sterka sögulega skírskotun til Reykjahverfis og þar er enn fremur upphaf nýtingar á heitu vatni á Íslandi en Stefán B. Jónsson bóndi á Reykjum leiddi fyrstur manna heitt vatn inn í íbúðarhús á Íslandi árið 1908.

Í því ljósi hafa vaknað hugmyndir um að reistur verði Orkugarður í Reykjahverfi á lóð í eigu Veitna ohf. Í viðræðum við Veitur hefur komið fram að mikill áhugi sé á hugmyndinni og hefur fyrirtækið lýst því yfir að það sé reiðubúið til þess að undirrita viljayfirlýsingu um verkefnið og setja fjármuni til uppbyggingar og frágangs árin 2023–2024.

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur nú heimilað gerð viljayfirlýsingar milli Mosfellsbæjar og Veitna ohf. um Orkugarð í Reykjahverfi og falið skipulagsnefnd það verkefni að útfæra hugmyndina nánar og undirbúa deiliskipulag fyrir Orkugarð.



VEITUR EIGA LÓÐ VIÐ REYKI, EFST Í REYKJAHVERFI

## Póra Björg býður sig fram í 5. sæti

Póra Björg Ingimundardóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér í 5. sæti á lista í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem verður haldið 5. febrúar. Póra Björg er viðskiptafræðingur og hefur sinnt ýmsum félagsstörfum innan stúdentafélaga bæði í menntaskóla og háskóla.



„Ég hef búið í Mosfellsbæ allt mitt líf og vil því leggja mitt af mörkum til að rækta þetta fallega og fjölbreytta bæjarfélag sem við búum í. Mosfellsbær fer ört stækkandi sem skapar nýjar áskoranir sem þarf að leysa ásamt nýjum tækifærum til að skara fram úr, hvort sem um er að ræða menntamál, menningarmál eða aðra málaflokka,“ segir Póra.

## Kári Sigurðsson gefur kost á sér í 4.-6. sæti

Kári Sigurðsson býður sig fram í 4.-6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ sem fram fer í janúar. Kári 30 ára gamall og uppallinn Mosfellingur frá blautu barnsbeini. Kári hefur starfað í félagsmiðstöðinni Bólinu og sem flokksstjóri og launafulltrúi í vinnuskóla Mosfellsbæjar á sínum yngri árum.



Unnusta Kára heitir Ásta Ólafsdóttir þjónustustjóri og sölustjóri hjá Nova og eiga þau einn son. Kári starfar sem viðskiptastjóri. „Ég hef áhuga á því að nýta krafta mína til að styrkja innviði bæjarinnar hvort sem það eru skipulagsmál eða einföldun ferla.“

## Júlíana sækist eftir 5. sæti í prófkjöri

Júlíana Guðmundsdóttir hefur ákveðið að bjóða sig fram í 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri flokksins sem fram fer 5. febrúar 2022. „Ég hef mikinn áhuga og metnað til þess að starfa fyrir sveitarfélagið og kynnast því góða starfi sem hefur átt sér stað í Mosfellsbæ og enn fremur að menntun mín og reynsla af atvinnulífnum muni nýtast vel í þeirri uppbyggingu sem fram undan er. Við hjónin erum nýflutt í Mosfellsbæ og þegar við vorum að ákveða að kaupa fasteign þá var þetta eina sveitarfélagið sem kom til greina og var það m.a. vegna nálægðarinnar við náttúruna og dóttur okkar sem einnig er nýflutt í bæinn. Ég er menntaður lögfræðingur með héraðsdómslögmannsréttindi og starfa í dag sem lögfræðingur fyrir fimm stéttarfélög. Ég er gift Sigurði Arna Reyntissyni og saman eigum við tvö börn og eitt barnabarn.“



Júlíana Guðmundsdóttir hefur ákveðið að bjóða sig fram í 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri flokksins sem fram fer 5. febrúar 2022. „Ég hef mikinn áhuga og metnað til þess að starfa fyrir sveitarfélagið og kynnast því góða starfi sem hefur átt sér stað í Mosfellsbæ og enn fremur að menntun mín og reynsla af atvinnulífnum muni nýtast vel í þeirri uppbyggingu sem fram undan er. Við hjónin erum nýflutt í Mosfellsbæ og þegar við vorum að ákveða að kaupa fasteign þá var þetta eina sveitarfélagið sem kom til greina og var það m.a. vegna nálægðarinnar við náttúruna og dóttur okkar sem einnig er nýflutt í bæinn. Ég er menntaður lögfræðingur með héraðsdómslögmannsréttindi og starfa í dag sem lögfræðingur fyrir fimm stéttarfélög. Ég er gift Sigurði Arna Reyntissyni og saman eigum við tvö börn og eitt barnabarn.“

**MOSFELLINGUR**  
**JÓLABLAÐ**  
**MOSFELLINGS KEMUR ÚT**  
**23. DESEMBER**  
mosfellingur@mosfellingur.is

Sæktu Samkaupa-appið  
og nýttu þér frábær  
tilboð í desember

Jóla

# afsláttur

1 50%  
af öllu  
íslensku  
konfektí



2 40%  
af 4-pakka  
Coca Cola



3 40%  
af  
Mackintosh



4 30%  
af öllum  
bókum



5 40%  
af kaffi



6 50%  
af  
Toblerone



7 40%  
af  
Appelsíni,  
Pepsi og  
Pepsi Max



8 50%  
af morgun-  
korni



9 40%  
af snyrti-  
vörum  
og gjafa-  
settum



10 50%  
af leik-  
föngum



11 50%  
af jóla-  
skrauti



12 50%  
af pipar-  
kökum  
og jóla-  
smákökum



13 50%  
af jóla-  
dósum



14 50%  
af Coop  
vörum



15 50%  
af klem-  
entínum



16 50%  
af laufa-  
brauði



17 50%  
af eplum



18 40%  
af ham-  
borgar-  
hrygg



19 40%  
af humri



20 40%  
af hangi-  
kjöti



21 40%  
af heilum  
kalkún



22 50%  
af ís og  
íssósum



23 50%  
af Paté,  
reyktum  
og gröfn-  
um fisk



24 50%  
af jóla-  
nammi



Afslátturinn birtist  
sem inneign í appinu.  
Gildir í 65 verslunum.

SÆKTU  
APPIÐ  
og byrjaðu  
að spara

nettó

Iceland

KJÖRBÚÐIN

Krambúðin



samkaup  
VERSLUN VIÐ HENDINA

# Um 100 manns lokið meðferð á Reykjalundi vegna langvinnra einkenna COVID

Heilbrigðisstofnunin Reykjalundur fagnar 76 ára afmæli á þessu ári en Reykjalundur hefur á þessum tíma verið einn fjölmennasti vinnustaður bæjarins. Reykjalundur er eins og kunnugt er í eigu SÍBS og er stærsta endurhæfingarstofnun landsins.

Á Reykjalundi fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að því að bæta lífsgæði, færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað leita. Endurhæfing Reykjalundar einkennist af samvinnu fagfólks sem myndar átta sérhæfð meðferðarteymi ásamt deildinni Miðgarði sem veitir sólahringsþjónustu.

Um 110-130 sjúklingar sækja þjónustu á degi hverjum. Á hverju ári fara um það bil 1.300 manns í gegnum endurhæfingarmeðferð á Reykjalundi, flestir í 4-6 vikur.

Samhliða endurhæfingarstarfsemiinni rekur Reykjalundur sambylið Hlein sem er fyrir mikið fatlað fólk sem hefur fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa.

## Heimsfaraldur hefur áhrif

Síðan fyrsta COVID-smitið greindist hér á landi þann 28. febrúar 2020 hefur sannarlega orðið atburðarás í íslensku samfélagi sem enginn hefði trúað fyrir fram að eiga eftir að upplifa.

Nú hafa um 18.000 Íslendingar smitast af COVID en sem betur fer hafa flestir náð sér að fullu.

Bráð einkenni COVID eru vel þekkt og líkjast í flestu öðrum veirusýkingum í öndunarvegi s.s. með kvefeinkennum, hita, vöðva- og beinverkjum og stundum skerðingu á bragð- og lyktarskyni. Það sem hefur hins vegar komið á óvart er hversu lengi einkenni geta varað og hve fjölbreytileg þau eru. Flestir sem smitast og veikjast



ÁRLEGUR JÓLABASAR REYKJALUNDAR

af COVID-19 ná bata á nokkrum vikum. Um fjórðungur upplifir þó einkenni í meira en fjórar vikur en margt bendir til að hátt í tíundi hver hafi ekki náð sér eftir 12 vikur. Þetta ástand er algengara meðal þeirra sem hafa veikst alvarlega af COVID-19 en hins vegar eru fjölmörg dæmi um langvinn einkenni eftir tiltölulega væga sýkingu.

## Smittölur að undanförunu þær hæstu

Reykjalundur kom mjög fljótt að umræðu um endurhæfingu einstaklinga með langvinn einkenni COVID. Langvinn einkenni sem einstaklingar hafa í kjölfar veikindanna eru um margt keimlík þeim

einkennum sem hrjá þá einstaklinga sem Reykjalundur er vanur að sinna, þó svo að orsökkin sé önnur. Þannig eru verkjavandamál, stoðkerfiskvillar, kvíði, depurð, svefntruflanir, þrekleysi og kulnun.

Ánægjulegt er frá því að segja að frá maí 2020 hafa um 100 manns lokið meðferð vegna langvinnra einkenna COVID á Reykjalundi. Þar sem endurhæfingarstarf Reykjalundar fer að öllu leyti fram samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands hafa verið gerðir tímabundnir viðbótarsamningar milli Reykjalundar og Sjúkratrygginga um stóran hluta þessarar endurhæfingar.

Ljóst er að bólusettir einstaklingar fá síður langvinn einkenni heldur en óbólusettir. Út frá því mætti ætla að færri Íslendingar þjáðust af langvinnnum einkennum af völdum COVID og þar með biðlisti þessa hóps inn á Reykjalund að minnka. Það virðist vera raunin en þó þarf að hafa í huga að smittölur í nóvember og desember á þessu ári eru þær hæstu hér á landi síðan faraldurinn hófst. Sá hópur sem gæti átt á hættu að fá langvinn einkenni í kjölfar þeirra smita er ekki kominn fram.

## Hólfaskipting og röskun á starfsemi

Heimsfaraldurinn hefur einnig sett daglega starfsemi í uppnám. Snemma á árinu voru skilgreind fjögur ólík viðbragðsstig í starfsemi þar sem litir eru notaðir til að einkenna viðbragðsstigið. Því miður hefur Reykjalundur verið að mestu í hólfaskiptingu á háu viðbragðsstigi alveg frá því í ágúst og í raun stóran hluta þessa árs.

„Í sjúklingahópi okkar á Reykjalundi er að finna fjölda einstaklinga í viðkvæmum áhættuhópum og þeim verðum við að sýna virðingu ásamt því að leggja okkur fram við að skapa traust og öryggi hjá þeim í sóttvarnarmálum sem og öðru,“ segir Pétur Magnússon forstjóri Reykjalundar.

## Aðventukveðjur

Starfsfólk Reykjalundar sendir sjúklingum og skjólstæðingum, Mosfellungum og öllum öðrum velunnurum starfsemiinnar hugheilar aðventukveðjur með von um að sem flestir nái að njóta þess skemmtilega árstíma sem nú fer í hönd. Jafnframt fylgja bestu þakkir fyrir samstarf og hlýhug á liðnum árum.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



## Félagsvist

Félagsvist 10. desember kl. 13:00 í borðsal Eirhamra. Aðgangur er ókeypis en auðvitað er alltaf frír kaffisopi og vinningur ef heppnin er með þér. **Grímuskylða er í félagsmiðstöðvunum ef nálægð fólks er minni en 1 m. Sprittum hendur líka milli spila.**

## JÓLABINGÓ Á BARION

Þriðjudaginn 14. desember kl. 15:00. Þverholti 1. Bingónefnd FaMos ásamt Hilmarí Gunnarssyni gestabingó-



stjóra ætla að halda skemmtilegt JÓLABINGÓ. Aðgangseyri er 1.000 krónur og innfalið er eitt bingóspald, kaffi og meðlæti. Aukaspjald á 300 kr. Glæsilegir vinningar í boði. Hlökkum til að sjá þig. **Bingónefnd FaMos og félagsstarfið Mosfellsbæ.**



## Jólaskreytingadagar 14. og 15. desember

Miðvikudaginn 14. des. og fimmtudaginn 15. des. kl. 13:00 ætla Brynja að vera með tilsögn í skreytingagerð og hjálpa þeim sem vilja búa til nýjar skreytingar eða dusta rykið af þeim gömlu.

Endilega komið með það efni sem þið eigið sjálf. Hýsintur, greni og eitthvað skreytingaefni verður til á staðnum.

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í síma 586-8014 eða 698-0090 eða á blað.

## Heilsa og hugur

Námskeiðið sem hefur slegið í gegn. **Byrjar 10. janúar kl 9:30 fyrir BÁÐA HÓPANA.** Skráning er hafin á frábæra námskeiðið okkar Heilsa og hugur fyrir 60+ og ætlum við að byrja mánudaginn 10. janúar en þá mæta báðir hóparnir saman í **FELLID við Varmá kl 9:30.** Á mánudögum verða tímarnir okkar sameiginlegir en tímsetningarnar halda sér á miðvikudögum og föstudögum eins og þið skráið ykkur í. **Hóparnir eru tveir, kl. 9:30 og 10:30.** Posi verður á staðnum og það kostar 12 þús krónur tímabilið. Þeir sem eru búinir að skrá sig hjá kennurum þurfa EKKI að gera það aftur. Hlökkum mikið til að sjá ykkur. **Bestu kveðjur, Halla Karen og Berta. Skráning í síma 6980090 eða á elvab@mos.is**

## BASAR/BÚÐ 2021

Minum á basarbúðinni okkar í félagsstarfinu Hlaðhömrum 2. Fallegar handunnar vörur á afar góðu verði og úrvalið fjölbreytt. Hlökkum til að sjá sem flesta í basarbúðinni. Keypt eru gjafabréf fyrir allan ágóðann sem síðan eru gefin til þeirra sem á þurfa að halda í samráði við kirkjuna og félagsþjónustuna. **Opnunartími basarbúðarinnar mán.-fim. 11:00-16:00 og fös. 13:00-16:00.** Posi verður á staðnum. **STYRKJUM GOTT MÁLEFNI. Minnum á grímuskyldu.**



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090. **Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

 **FÉLAG ALDRADRA** í Mosfellsbæ og nágrenni famos@famos.is www.famos.is

## STJÓRN FAMOS

**Ingólfur Hrólfsson** formaður s. 855 2085 [ihhj@simnet.is](mailto:ihhj@simnet.is)  
**Úlfhildur Geirsdóttir** varaformaður s. 896 5700 [bruarholl@simnet.is](mailto:bruarholl@simnet.is)  
**Margrét Ólafsdóttir** gjaldkeri s. 863 3359 [margretjako@gmail.com](mailto:margretjako@gmail.com)  
**Snjólaug Sigurðardóttir** ritari s. 897 4734 [snjolaugsig@simnet.is](mailto:snjolaugsig@simnet.is)  
**Kristbjörg Steingrimsdóttir** meðstjórnandi s. 898 3947 [krist2910@gmail.is](mailto:krist2910@gmail.is)  
**Jóhanna B. Magnúsdóttir** 1. varamaður s. 899 0378 [hanna@smart.is](mailto:hanna@smart.is)  
**Þorsteinn Birgisson** 2. varamaður s. 898 8578 [thorsteinn.birgis@gmail.com](mailto:thorsteinn.birgis@gmail.com)



# Velkomin í Jólagarðinn

við Hlégarð

SUNNUDAGUR  
**12. DES**



## HÁTÍÐ LJÓSS OG FRÍÐAR

**Kl. 13-17** Hátíðarvagninn með heitt hágæða súkkulaði og jólatónlist ómar um garðinn.

**Kl. 14:00** Eysteinn álfur og Hulda búálfur syngja og heilsa upp á börnin.

**Kl. 14:30** Jólasveinar á vappi í garðinum

**Kl. 15:30** Kammerkór Mosfellsbæjar syngur

**Kl. 16:00** Jólasveinar á vappi.

*Sköpum jólaminningar - Nóg pláss!*

**Virðum sóttvarnir og pössum fjarlægðarmörk**



SUNNUDAGUR  
**19. DES**



**Kl. 13-17** Hátíðarvagninn með heitt hágæða súkkulaði og jólatónlist.

**Kl. 14:00** Karlakór Kjalnesinga syngur.

**Kl. 14:30** Jólasveinar á vappi í garðinum.

**Kl. 15:30** Karlakór Kjalnesinga syngur.

**Kl. 16:00** Jólasveinar á vappi í garðinum.

*Sköpum jólaminningar - Nóg pláss!*



MOSFELLSBÆR

# Jólahlaðborð

## Matseðill

kr. 9.900

### Forréttir:

Laufabrauð - flatkökur

Sinnepssild

Karrisild

Jólasild

Rúgbrauð

Villibráðapaté

Rífsberjagel

Reyktur lax

Chantillysósa

Grafinn lax

Sinnepssósa

Heitreykt önd

Jólasalat

### Aðalréttir:

Hangikjöt

Uppstúfur

Purusteik

Villisveppasósa

Kalkúnn

Lamb

Púrtvínssósa

Sætar kartöflur

Rauðkúl

Waldorfsalat

Sykurbrúnaðar kartöflur

Rótargrænmeti

Grænar baunir

### Eftirréttir:

Ris a la mande

Berjasósa

Súkkulaðimús

vanillusósa

Berja panna cotta

Ávestir ferðskir

Peyttur rjómi



Myndirnar eru frá eldra jólahlaðborði

Nánari upplýsingar og borðapantanir á

[blikbistro.is/jol](https://blikbistro.is/jol)



Við mælum með að gestir fari í hraðpróf og hægt að panta þau á [testcovid.is](https://testcovid.is)  
Vatnsmýrarvegur og Kringlan  
Rvk + Keflavík  
[hradprof.is/](https://hradprof.is/) Kleppsmýrarvegur  
Rvk + Akureyri

**BLIK**  
BISTRO • GRILL

# Wellington Steik

kr. 6.950  
pr.kóli

*Við bjóðum upp á dýrindis Wellington steik fyrir jólin eða áramótin. Hafið samband í síma 566 8480 fyrir frekari upplýsingar*



DESEMBER

23

*Skötuveisla*

*11:00 - 12:30*

# Skata



kr. 4.900

DESEMBER

23

*Skötuveisla*

*13:00 - 15:00*

**BLIK**  
BISTRO • GRILL



## Landsbyggðarkaupfélag á Múlalundi

Á Múlalundi er eina ritfangaverslunin í Mosfellsbæ. Reyndar er verslunin ekki einungis ritfangaverslun heldur eins konar „landsbyggðarkaupfélag“ sem selur alls konar. Í versluninni fást ritföng, bækur, ljósritunarpappír, púsl, jólavörur, ljósaseriur úti og inni, límbönd, þrjónar, kaffi og kex svo eitthvað sé nefnt. Nú er tími til að setja upp ljósaseriur úti sem inni, á Múlalundi fást flestar gerðir af Led ljósaseriur. „Við erum alltaf að heyra af Mosfellungum sem ekki vita af búðinni. Margir halda að hér séu bara seldar möppur og plöst til fyrirtækja og átta sig ekki á hinu fjölbreytta vöruúrvali og lága verði sem hér er,“ segir Björn Heimir verslunarstjóri. „Vefverslunin okkar [www.mulalundur.is](http://www.mulalundur.is) er alltaf að eflast. Við höfum opið milli 8 og 16 á daginn en lokað um helgar. Það eru allir velkomnir á Múlalund.“




BÆJARSTJÓRI, GARÐYRKJÓRSTJÓRI OG FÉLAGAR ÚR SKÓGRÆKTARFÉLAGINU



## MIÐBÆJARTRÉÐ FELLT

Jólatréð sem nú prýðir Miðbæjartorgið var fellt með viðhöfn á dögnum en það kemur nú í fyrsta sinn frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Tréð er um 30 ára gamalt og hefur vaxið og dafnað í Þormóðsdal þar sem finna má gull og græna skóga. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri var fenginn í verkið og naut aðstoðar skógræktarfólks í Mosfellsbæ.



## Hugarró í Nordic angan á aðventunni

Í bakhúsi í Álafossvosinni má finna vinnustofu og verslun Nordic angan. Gestir eru velkomnir að líta við á mánudögum frá 16-18 og kynna sér starfseminna en þar kennir ýmissa grasa. Hægt er að skella sér í ilmsturtu og upplifa íslenska náttúru, fá kynningu á eimingar- og ilmhönnunarstarfseminni og nýta tækifærið til að versla í heimabyggð fyrir jólin. Allar vörur eru unnar út frá vistfræðilegu sjónarmiði og notast er einungis við íslenskar ilmkjarnaoljur og náttúrleg hráefni í framleiðslunni. Vinsælustu vörur Nordic angan eru unnar úr íslensku greni. Pain Remedy og Forest Therapy líkamsoliurnar eiga uppruna sinn að rekja meðal annars til mosfellskra trjáa og skilja engan eftir ósnortinn. Einnig er hægt að panta heimsóknir fyrir einstaklinga og hópa með því að senda tölvupóst á [sales@nordicangan.com](mailto:sales@nordicangan.com).

MOSFELLSBÆR SEM NAFLI ALHEIMSINS

Naflar alheimsins!

SKOÐAÐU MOSFELLSBÆ OG AÐRA STAÐI Á [WWW.NAFLARALHEIMSINS.COM](http://WWW.NAFLARALHEIMSINS.COM)



# VORVERK.IS

ÞVERHOLTÍ 2 | MOSFELLSBÆ | 665 7200



12.990 kr.



7.990 kr.



13.990 kr.



15.990 kr.



13.990 kr.



17.990 kr.

**VELKOMIN Í VERSLUNINA Á NEÐSTU HÆÐ KJARNANS Í MOSÓ**

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16. Allar vörur einnig aðgengilegar í vefverslun.

# VIÐ VINNUM AF HEILINDUM FYRIR ÞIG

Erum reynsluboltar í fasteignaviðskiptum



Páll Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri ALLT fasteignasölu, löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur. Páll eins og hann er kallaður er annar af stofnendum fasteignasölnnar. Hann er uppallinn í Vestmannaeyjum og hefur lengst af unnið stjórnendastörf í fiskeldi og sjávarútvegi sem og sjómennsku á yngri árum. Í dag annast hann daglegan rekstur samhliða sölumálum. Páll er fimm barna faðir og þykir best að njóta samverustunda með fjölskyldunni t.d í ferðalögum eða með útivist. Hann leggur mikla áherslu á léttleika, hreinskilni og traust í viðskiptum.  
**pall@allt.is Sími: 560 5501**

Margrét Sæunn Axelsdóttir löggiltur fasteignasali er fædd og uppalin í Mosfellsbæ. Hún býr þar enn ásamt manni sínum og dóttur. Hennar helstu áhugamál eru hestamennska, listir, menning, hönnun heimila og að sjálfsgöðu ALLT sem tengist fasteignum og fasteignamarkaðnum. Margrét leggur mikinn metnað í vönduð vinnubrögð og áreiðanleika í störfum sínum. Endilega hafið samband.  
**margret@allt.is Sími: 560 5519**

Kristinn Sigurbjörnsson er Stjórnarformaður ALLT fasteignasölu, löggiltur fasteignasali, byggingafræðingur, húsasmíðameistari og fl. Kiddi er annar eiganda fasteignasölnnar. Hann er frá Fljótahlíð en eyddi unglingsárunum á Seltjarnarnesi þar sem spilaður var fótbolti með Gróttu. Kiddi hefur leyndan áhuga á tölvumálum og er lista kokkur þegar hann gefur sér tíma.  
**kristinn@allt.is  
Sími: 560 5502**

**ALLT fasteignasala**  
**Pverholti 2 Mosfellsbæ**  
**Sími 560 5505**  
**allt@allt.is**  
**allt.is**

## Viskumoli dagsins

Mikil ábyrgð fylgir kaupum og sölu á fasteign og oftast eru ríkir hagsmunir í húfi. Lykilatriði í ábyrgð aðila að fasteignakaupum eru upplýsingaskylda seljanda og skoðunarskylda kaupanda sem kveðið er á um í lögum um fasteignakaup.



# Íslenskur kalkúnn í veisluna



## HESLIHNETU- OG SVEPPAFYLLING REYKJABÚSINS

### HRÁEFNI

150 g smjör  
350 g nýir sveppir, niðursneiddir  
200 g laukur, smátt saxaður  
1 stilkur sellerí, smátt saxaður  
1/2 búnt fersk steinselja, smátt söxuð  
(eða 2 msk þurrkuð)  
2-3 msk kalkúnakrydd  
300 g skinka, smátt söxuð  
100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar  
150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar  
2 stór egg  
2 dl rjómi  
1/2 tsk salt  
1 tsk ferskmalaður pipar

### AÐFERÐ

Bræðið smjörið í stórum potti og látið sveppina og grænmetið ásamt steinseljunni, kalkúnakryddinu og skinkunni krauma í því í 10 mín. eða þar til grænmetið er orðið mjúkt.

Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega.

Hrærið þá eggjunum og rjómanum saman við og kryddið með salti og pipar.

Verði ykkur að góðu,

*Nenni og Stína*

Reykjábúinu,  
Mosfellsbæ



**Holda**  
KALKÚNN

ÍSLENSK FRAMLÆÐSLA



Fleiri uppskriftir á [kalkunn.is](http://kalkunn.is)



## Bræður gefa út tölvuleikjabók

Mosfellsku bræðurnir Birkir og Huginn Þór Grétarssynir hafa skrifað bókina „Hvað veistu um tölvuleiki?“ og er það Óðinsauga sem gefur út. Bókin er skrifuð með það í huga að fá börn sem spila tölvuleiki til þess að lesa meira. Nýstárleg bók sem höfðar til sístækkandi hóps. Bræðurnir telja þetta góða leið til þess að efla börn í lestra þar sem efnið liggur á þeirra áhugasviði. Bókin er stúfull af spurningum og fróðleik um tölvuleiki og framþróun þess iðnaðar.



Þá skrifa feðgarnir Huginn Þór og Ljó Þór Huginsson bókina Hugarheimur út frá hugmyndum þess yngri. „Sonur minn er alltaf að tala um risaædlur og hákarla og hvernig þeir éta hitt og þetta. Þannig skrifuðum við bók þar sem meginþemað er að hin ólíkustu dýr eru að éta eitthvað og svo koll af kolli þar til strákurinn kemur og étur risaædlu og skrímsli en svo sér lesandinn að strákurinn er bara að leika sér.

## Jólagjöfin í ár

Nú er sá árstími þar sem margir eru að brjóta heilann um hvað skuli gefa í jólagjafir. Slíkt getur stundum verið þrautin þyngri þar sem mörg okkar eiga nóg af alls konar.

Fæstir vilja hvorki gefa né fá óþarfa og þá er bara að leggja höfuðið í bleyti.

### Loftslagsvænar jólagjafir

Sífelld fleiri eru orðnir meðvitaðir um náttúruvernd og loftslagsmálin ber oft á góma. Fyrir síðustu jóla kom loftslagshópur Landverndar með margar snilldarhugmyndir að loftslagsvænum jólagjöfum.

Það er t.d. hægt að gefa eitthvað matarkyns eins og heimagera konfekt, sultur, smákökur, uppskrift og allt sem í hana þarf o.fl. List eða handverk á alltaf við, s.s. eitthvað þrjónað eða heklað, ljóð og/eða lag, teikning, málverk o.s.frv. Upplifun og samvera er að sjálfsögðu á listanum ásamt áskriftum að blöðum, menningarkortum o.fl.

Þeir sem vilja kynna sér hugmyndir þessa hóps geta kíkt í á þessa slóð á vefsíðu Landverndar: <https://landvernd.is/grasrot-loftslagsvaenar-jolagjafir/>

### Samvera í jólapakkann

Því ekki að gefa samveru í jólagjöf? Rannsóknir hafa einmitt sýnt að það að eiga í góðum félagslegum samskiptum sé einn mikilvægasti þátturinn þegar kemur að því að lifa löngu, heilbrigðu og gleðríku lífi. Slíkt rímar sannarlega við orðatiltækið um að maður sé manns



gaman! Hægt er að gefa alls kyns samveru, miseinfalda og í öllum verðflokkum.

Hvernig væri t.d. að bjóða í mat, kaffi eða/og göngu, brydda upp á spilakvöldi, heimsækja safn, elda eða baka saman, fara í ísbíltúr eða hvað-

eina sem ykkur dettur í hug? Þeir sem vilja fara alla leið geta líka gefið samverudagatal sem nær til lengri tíma, jafnvel fram til næstu jóla. Hægt væri t.d. að fara í göngutúr í janúar, hafa spilakvöld í febrúar, kaffiböð í mars o.s.frv. Ég get allavega lofað ykkur því að hvers kyns samvera mun alltaf slá í gegn!

Þegar fólk hefur verið spurt hvað sé það allra besta við jólin þá eru langsamlega flestir sammála um að það sé einfaldlega samveran með fólkinu sem stendur þeim næst. Góður matur, stemmingin, kærleikurinn, gleðin og þakklætið sem einkennir þessa hátíð ljóss og friðar koma þarna einnig við sögu.

Að þessu sögðu þá óskum við, sem stöndum að Heilsuefandi samfélagi í Mosfellsbæ, ykkur gleðilegra jóla og vonum að þið njótið þeirra vel í fadmi þeirra sem ykkur þykir vænst um.

*Ólaf Kristín Sívertsen, lýðheilsufræðingur og verkefnisstjóri Heilsuefandi samfélags í Mosfellsbæ*

HEILSU  
HORNID



## Fugladagbókin 2022 er komin út

Fuglaskoðun nýtur sívaxandi vinsælda í heiminum og Ísland er þar engin undantekning. Sem dæmi má nefna að á Facebook eru þó nokkrar síður sem birta ljósmyndir og fróðleik af íslenskum fuglum. Það er ekki síst með þennan hóp í huga sem Sigurður Ægisson skrifaði nýjustu bók

sína, sem nefnist Fuglar á Íslandi og árstíðirnar fjórar: Fugladagbókin 2022, en hún kom

út fyrir skemmstu. Hún er algjör nýjung á íslenskum bókamarkaði og er þannig upp sett að á undan hverri viku — þar sem hægt er að skrá hvern dag þá fugla sem maður sér og fjölda þeirra eða þá hvað annað, eins og t.d. hvenær næsti danstími verður, því minnið getur verið bríðgult — er fróðleikur um einhverja eina tiltekna fuglategund. Alls eru þær 52 í bókinni, eins og vikur ársins. Gert er ráð fyrir að bókin komi út árlega héðan í frá og þá með nýjum textum í hvert sinn. Bókin, sem Sigurður tileinkar barnabörnum sínum, er í litlu og handhægu broti og það er Bókaútgáfan Hólar ehf. sem gefur hana út.



HEILSUVIN Í MOSFELLSBÆ



ÍSLENSK HÖNNUN þú finnur réttu jólagjöfina hjá okkur



GRÆNI - jólalinan 2021 frá Heklaíslandi



Englakertastjakar 44 cm.



Fallegir postulíns bollar



Mikið úrval af skúlptúrum





# SHAKE&PIZZA

## GLEÐILEGA HÁTÍÐ

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

TILBOÐ MÁNAÐARINS

**EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR**



Pantaðu á [shakepizza.is](http://shakepizza.is) eða í síma 5 17 18 19

**EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI  
- BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI  
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

**EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.**  
KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. - BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

HÁTÍÐLEG  
**JÓLAPIZZA**

EINS OG AD BORDA JÓLIN  
**1.990 KR.**



**ALVÖRU JÓLATERTU SHAKE**



Shake  
- HÁMARRS  
**990 KR.**

[shakepizza.is](http://shakepizza.is)

**shake&pizza**

#shakeandpizza

ÞESSI MIDÍ GILDIR FYRIR 55 MÍN. KEILULEIK

**50 MÍN. KEILULEIKUR**

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

[www.keiluhollin.is](http://www.keiluhollin.is)

ÞESSI MIDÍ GILDIR FYRIR 55 MÍN. KEILULEIK

**50 MÍN. KEILULEIKUR**

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

[www.keiluhollin.is](http://www.keiluhollin.is)

ÞESSI MIDÍ GILDIR FYRIR FJÓRAR PIZZUR

**4xPIZZA**



*shake&pizza*

[www.shakepizza.is](http://www.shakepizza.is)

ÞESSI MIDÍ GILDIR FYRIR TVÆR PIZZUR

**2xPIZZA**



*shake&pizza*

[www.shakepizza.is](http://www.shakepizza.is)

Gjafabréf í keilu

**50 mín. í keilu fyrir allt að 6 manns\***

Handhafi þessa gjafabréfs á inneign hjá Keiluhöllinni í keiluleik fyrir allt að 6 manns.



*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL



**GEFÐU RÚLLANDI JÓLAGJÖF**

**ÞÚ SETUR SAMAN ÞINN EIGIN PAKKA**

50 MÍN. KEILA = 6.990 kr.

50 MÍN. KEILA + 2xPIZZA + 2xSHAKE = 12.990

50 MÍN. KEILA + 4xPIZZA + 4xSHAKE = 18.990

Pantaðu þinn jólapakka á [keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

# Bókasafn Mosfellsbæjar um hátíðarnar

|               |          |
|---------------|----------|
| Þorláksmessa  | kl. 9-18 |
| Aðfangadagur  | Lokað    |
| Jóladagur     | Lokað    |
| Annar í jólum | Lokað    |
| Gamlársdagur  | Lokað    |
| Nýársdagur    | Lokað    |

Opið aðra daga  
samkvæmt venju



Bókasafn Mosfellsbæjar

## Jólin í bókasafninu

Nú er aldeilis orðið jólalegt um að litast í barnadeild bókasafnsins. Jólaefni af ýmsu tagi hefur verið stillt upp; jólabókum, jólabímyndum og jólatónlist. Barnagetraun safnsins hefur einnig fengið á sig jólalegan blæ og fyrir stuttu var nýjum spilum bætt við spilakost safnsins en fátt er huggulegra en að grípa í spil á þessum tíma ársins.



Wellington og hreindýr vinsælt á veisluborð landsmanna • Vínið best borið fram við 16-18°C

## Vinir hittast og halda veislur...

Nú teljum við niður dagana til jóla og matarboðin í algleymingi. Vinir hittast og halda veislur, borða saman jólamat. Hér má finna skotheldar eldunarleiðbeiningar frá Geira í Kjöttbúðinni og að sjálfsögðu rautt við hæfi.



STEIKIN LÁTIN STANDA ÁÐUR  
EN HÚN ER BORIN FRAM

### Hreindýravöðvi

- Berið olú á vöðvann og síðan ferskt timjan, rósmarín, pipar og smá salt og setjið í plastpoka eða filmu í 4-8 tíma.
- Lokið steikinni á heitri pönnu í 2-3 mín á hlið.
- Setjið í 60°C heitan ofn þar til steikin nær 55°C í kjarnhita fyrir medium rare eða 58°C fyrir medium eldun.
- Látið steikina standa í ca. 8-12 mín eftir eldun áður en hún er borin fram. Vöðvarnir eru misstórir þannig að best er að leita upplýsinga um eldunartímann með hverjum bita.



**VIÐ MÆLUM MED:**  
Matua Pinot Noir  
Ljósirsuberjarautt.  
Létt fylling, ósætt,  
fersk sýra, miðlungstannín. Jarðarber,  
hindber, laufkrydd,  
reykur.  
Verð: 2.999 kr.

### Ungnauta Wellingtonlund

- Forhitið ofninn í 220°C, penslið lundina með eggjarauðum. Setjið lundina inn í ofninn þegar hann hefur náð 220°C, ekki fyrr.
- Eftir 15-10 mín, þegar deigið er orðið vel brúnt, lækkið þá hitann í 120°C og bíðið eftir að kjarnhitinn nái 52-55°C fyrir medium rare eða 58°C fyrir medium eldun.
- Látið steikina standa í ca. 8-12 mín eftir eldun áður en hún er borin fram.
- Ath. eldunartími er misjafn eftir stærð steikarinnar en meðalsteik tekur um ca. 35-40 mín í ofni.



**VIÐ MÆLUM MED:**  
Masi Costasera  
Amarone  
Dökkirsuberjarautt.  
Þétt fylling, ósætt,  
fersk sýra, mikil  
þroskuð tannín.  
Kirsuber, kakó,  
sveskja, jurtakrydd,  
eik.  
Verð: 4.299 kr.



LOKIÐ STEIKINNI  
Á HEITRI PÖNNU



Velkomin í Hamrahlíð

# Jólasjógurinn

## opnar laugardaginn

### 11. desember kl. 13



Mosfells-  
kórinn  
syngur



Skógarkaffi  
og sukkuladi

Skemmtilegar  
gönguleidir

Bæjarstjórnin  
heggur fyrsta  
jólatrið



Jólasveinar  
á ferðinni

Notaleg  
fjölskyldustund

**JÓLATRJÁASALA Í HAMRAHLÍÐ**  
við Vesturlandsveg 11.-23. desember

Opið kl. 10-16 um helgar

Opið vikuna 13.-17. des. kl. 14-17 og dagana 20.-22. des. kl. 12-17

Opið á Þorláksmessu kl. 10-16



# FRAM UNÐAN Á BARION



**Boltinn í beinni** - fylgstu með á Facebook og Instagram



- **9. DES. BARSVAR MEÐ ÞORGEIRI LEÓ OG WENTZEL STEINARI**  
Barsvar (Pub Quiz) á Barion Mosó fimmtudaginn 9. desember kl. 21:00. Spurningar um allt milli himins og jarðar. Stjórnendur Þorgeir Leó og Wentzel Steinarr. Frítt inn og flottir vinningar! Borðabókanir í síma 456-4040.



- **11. DES. SVENNI ÞÓR Á BARION**  
Tónlistarmaðurinn Svenni Þór með lifandi tónlist á laugardaginn frá kl. 21. Söngvari hljómsveitarinnar Nýju fötin keisarans mætir með gítarinn.



- **12. DES. FJÖLSKYLDUJÓLABINGÓ**  
Jólabingó fyrir alla fjölskylduna sunnudaginn 12. desember kl. 16:00. Glæsilegir vinningar í boði. Hægt er að tryggja sér spjald í forsölu á Barion.is.



- **14. DES. JÓLABINGÓ FYRIR ELDRI BORGARA**  
Félagsstarf eldri borgara og FaMos halda jólabingó á Barion þriðjudaginn 14. desember kl. 15:00. Allir velkomnir og flottir vinningar.



- **16. DES. JÓLABINGÓ FULLORÐNA FÓLKSINS**  
Jólabingó Barion fimmtudaginn 16. desember kl. 21:00. Glæsilegir vinningar. Bingóstjóri: Hilmar Gunnarsson. Hægt er að tryggja sér sæti á Barion.is



- **17. DES. FÖSTUDAGSLÖGIN MEÐ STEBBA JAK**  
Stebbi Jak söngvari Dimmu og gítarsnillingurinn Hafþór Valur mæta á Barion Mosó föstudaginn 17. des og hringja inn jólin kl. 21:00. Tryggðu þér sæti á Barion.is. Miðaverð: 2.500 kr. Síðast komust færri að en vildu.

  **BARION\_MOSO**

STEBBI JAK  
hringir inn

# jólin



TÓNLEIKAR  
FÖSTUDAGINN  
17. DESEMBER KL. 21

MIDAVERD: 2.500 KR.  
MIDASALA Á BARION.IS

# Fjölskyldu jólabingó

Sunnudaginn 12. desember kl. 16:00

Jólabingó fyrir  
alla fjölskylduna  
Glæsilegir vinningar!



Hægt er að tryggja sér sæti á Barion.is

10



Jólabingó

# BINGÓ

fullorðna fólksins

HÍÐ ÁRLEGA JÓLABINGÓ BARION  
FIMMTUDAGINN 16. DESEMBER KL. 21:00.  
UTANLANDSFERÐ Í ADALVINNING ÁSAMT  
FJÖLDA GLÆSILEGRA VINNINGA.

TRYGGÐU PÉR SÆTI Á BARION.IS



# BARSVAR

FIMMTUDAGINN 9. DESEMBER KL. 21:00

SPURNINGAR UM ALLT  
MILLI HIMINS OG JARÐAR

STJÓRNENDUR

ÞORGEIR LEÓ OG WENTZEL STEINARR  
FRÍTT INN, FLOTTIR VINNINGAR EN LÉLEGIR BRANDARAR

BARION  
MOSÓ



# VÖNDUÐ SKÓHORN

í jólapakkann frá Pro-Stál

Ryðfrítt stál, burstuð eða pólýhúðuð svört,  
70 cm með hanka. Verð 15.000 kr.

Upplýsingar í síma 899 7473  
Erum einnig á Facebook.



ÍSINN ALLTAF VINSÆLL

## Frystihúsið opnar í Mosó

Frystihúsið ísbúð hefur opnað í Háholti 13-15 þar sem áður var Erlu-Ís. Opunarhátíð var haldin laugardaginn 20. nóvember með pomp og prakt. Bassi Maraj mætti á svæðið og hrissti upp í liðinu auk þess sem ís var í boði fyrir gesti og gangandi.



MOSFELLSBÆR

## Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum  
má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins:  
[www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Pverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



## LÁTTU OKKUR STREYMA

- Öruggt streymi -
- Fagmennska -
- Traustur búnaður -
- Hagstætt verð -

PROMYND.IS - 774 2899 - PROMYND@PROMYND.IS

VIÐBURÐIR | FUNDIR | ÚTFARIR | TÓNLEIKAR | RÁÐSTEFNUR | ÍPRÓTTIR

BORG  
FASTEIGNASALA

## 0 sole Mosó!

**Davíð Ólafsson**

Löggiltur fasteignasali

897-1533 · [david@fastborg.is](mailto:david@fastborg.is)

# Wellington

INNBÖKUÐ  
NAUTALUND

PANTIÐ TÍMANLEGA!  
www.kjotbudin.is

Fæst tilbúin í Kjötþúðinni. Forhitið ofninn í 220°C, penslið lundina með eggjarauðum. Setjið lundina inn í ofninn þegar hann hefur náð 220°C, ekki fyrr. Eftir 10-12 mín lækkið þá hitann í 120°C og bíðið eftir að kjarnhitinn nái 52-55°C fyrir medium rare eða 58°C fyrir medium eldun. Látið steikina standa í ca. 8-12 mín eftir eldun áður en hún er borin fram. Ath. eldunartími er misjafn eftir stærð steikarinnar en meðalsteik tekur ca. 35-40 mín í ofni.



**KJÖTÞÚÐIN**

www.kjotbudin.is

Sunnukrika 4, Mosfellsbæ  
Grensásvegi 48, Reykjavík  
Sími 571 5511  
kjotbudin@kjotbudin.is



# 20%

afsláttur af öllu Hill's fóðri til áramóta  
Úrval af sjúkra- og heilfóðri

**Vet Essentials Dental Health**

Frábært fóður til að viðhalda heilbrigði tanna

**NÝTT**



**DÝRALÆKNIRINN MOSFELLSBÆ**

Urðarholti 2

Sími 566 5066

Opið: virka daga kl 9-17



MÆLT MEÐ AF  
DÝRALÆKNUM  
UM ALLAN HEIM

# Hef alltaf haft gaman af því að skapa

**H**alldóra Sif Guðlaugsdóttir fatahönnuður og klæðskeri er hönnuðurinn á bak við fata- og fylgihlutamerkið Sif Benedicta.

Á dögunum opnaði hún verslun og vinnustofu ásamt tveimur öðrum hönnuðum í fallegu húsi við Laugaveg en þar má finna kvenföt og fylgihluti sem unnin eru úr hágæðaeffnum. Hún segir mótökurnar hafa gengið vonum fram og er ánægð með að hafa getað opnað fyrir jólahátíðina.

Halldóra Sif fæddist í Reykjavík 25. september 1987. Foreldrar hennar eru þau Ásta Björk Benediktsdóttir kennari og Guðlaugur Pálsson eigandi Orku ehf. Halldóra á einn bróður, Pál Helga f. 1994.

## Fékk að endurraða í skápana

„Ég ólst upp í Kópavogi til 9 ára aldurs og gekk í Snælandsskóla. Við krakkarnir í hverfinu lékum okkur mikið úti við í hinum ýmsu leikjum. Þegar ég var 5 ára þá kynntist ég Ingibjörgu Helgu, við höfum verið góðar vinkonur allar götur síðan.

Ég var mikið hjá ömmum og öfum á mínum yngri árum þar sem foreldrar mínir voru sjálfstætt starfandi og stöðu vaktina saman. Mér leið alltaf vel hjá þeim því þau voru svo góð við mig og þolinmóð. Ég var uppátækjasöm og fékk að bralla ýmislegt, búa til eitthvað úr einhverju gömlu, breyta fötum, búa til skart og eins hafði ég gaman af því að endurraða í skápana.“

## Forréttindi að alast upp á Íslandi

„Þegar ég var 7 ára þá keyptu föðurafi minn og amma gamlan sveitabæ austur í Landeyjum og síðar bygðu þau sér sumarhúsið þar. Ég hef verið mikið fyrir austan með fjölskyldu minni, þarna erum við með hesta og njótum þess að ríða út.

Mér fannst alltaf gaman að vera í sveitinni innan um dýrin og leika úti allan daginn. Það bjuggu börn þarna í kring og eins komu mörg börn í heimsókn svo maður hafði alltaf einhverntíð til að leika við.


Það eru svo mikil forréttindi að alast upp á Íslandi, svo mikið frelsi og stutt í náttúruna alls staðar.“

## Vorum í leynifélagi

„Árið 1996 fluttum við fjölskyldan í Mosfellsbæ sem þá var nú meiri sveit en bæ. Þar tók æskuvinkona mín áður nefnda úr Kópavoginum á móti mér en hún hafði flutt í Mosó nokkrum árum á undan mér. Ingibjörg kynnti mig fyrir Írisi, Valdísi, Sunnu og Rakel og þar datt ég í lukkupottinn því við náðum strax allar vel saman og höldum hópinn enn í dag.



Fjölskyldan, Ásta María, Halldóra Sif, Guðlaugur Benjamin, Kristinn og Guðleif Klara.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURINN**  
ruth@mosfellingur.is

Við vinkonurnar gerðum allt saman, æfðum fótbolta með Aftureldingu, lærðum saman, fórum á hestbak, æfðum dans, vorum í leynifélagi og svo vorum við klappstýrur. Ég svíf bara þegar ég hugsa um þessar æskuminningar, þær eru svo dásamlegar,“ segir Halldóra og skellir upp úr.

„Mér gekk ágætlega í skólanum, gekk í Varmáskóla og síðan í Gaggó Mos. Áhuginn á náminu minnkaði nú aðeins á unglingsárunum einfaldlega því það var svo margt í gangi. Yfir sumartímamann vann ég í sjoppu foreldra minna í Háholttinu.“

## Flutti til Danmerkur

„Við vinkonurnar fórum síðan allar í Verzló. Fyrir mig voru það rosaleg viðbrigði því ég átti hreinlega erfitt með að einbeita mér. Ég íhugaði að hætta en skipti svo um braut en var samt ekki viss hvað ég vildi gera. Ég var byrjuð með manningum mínum þarna, Kristni Péturssyni en hann er tveimur árum eldri en ég. Hann kláraði sitt framhaldsskólanám í Menntaskólanum við Sund og flutti svo til Danmerkur til að fara í framhaldsnám í verkfræði.

Ég ákvað að klára námið í Verzló og flutti svo til Kristins og fór í nám í Álalorgarháskóla í rekstrarhagfræði. Ég hætti eftir mánuð því danskan var mér erfið og aftur var einbeitingin að hrjá mig. Ég fór því að vinna við að temja hesta sem ég hafði verið að gera áður með skólagöngunni.

Við Kristinn eigum þrjú börn, Guðlaug Benjamin f. 2012, Ástu Maríu f. 2018 og Guðleifu Klöru f. 2019.“

## Fann nám við hæfi

„Ég vissi ekkert á tímabili hvað mig langaði til að læra en skræði mig svo á sauma- og sníðanámskeið sem mér fannst virkilega skemmtilegt. Þetta varð til þess að ég sótti um í klæðskeranám og komst inn Textilhandværkerskolen. Þetta var í fyrsta sinn í 10 ár sem ég elskaði að læra, ég var alltaf mætt fyrst í skólann og fór seinust. Ég var bara ekki að trúa því að ég væri búin að finna nám sem ég vildi vinna við í framtíðinni.

Ég var á seinni árum greind með mikinn athyglisbrest sem útskýrir margt eins og til dæmis hvernig mér leið á minni skólagöngu. Það er alveg ljóst að verklegt nám hentar mér mun betur en bóklegt.

Við Kristinn fluttum svo heim til Íslands og ég hóf nám í Listaháskóla Íslands í fatahönnun.“

» **Í fyrsta sinn í tíu ár elskaði ég að læra, ég var alltaf mætt fyrst í skólann og fór seinust.**

## Fékk reynslu frá hönnuði í London

Eftir útskrift úr Listaháskólanum fór Halldóra að starfa sem aðstoðarhönnuður hjá Hildi Yeoman fatahönnuði og líkaði vel. Það blundaði samt í henni að prófa að starfa hjá einhverjum af sínum uppáhalds hönnuðum erlendis til að fá reynslu þannig að hún sótti um á nokkrum stöðum. Hún fékk síðan starf sem lærlingur í WRTW-deildinni hjá tískuhúsi Alexander McQueen í London og flutti þar með út. Þar tók hún

## HIN HLIÐIN

**Byrðu um þig á morgnana?** Ekki virka daga en geri það um helgar.

**Hvaða tegund af tannkremi notar þú?** Colgate.

**Bestu kaup sem þú hefur gert?** Svartar leðurbuxur sem ég keypti á markaði á 1.500 kr. og nota enn.

**Eitt atriði um þig sem fólk veit ekki um?** Ég keppti í hnefaleikum þegar ég bjó í Danmörku.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Þegar ég var 6 ára þá ætlaði ég að verða lögga eða prinsessa með bleikt hár en síðar fornleifafræðingur.

**Óvenjulegasta lífsreynslan?** Að nudda nokkra kílómetra af efni ásamt öðrum fyrir brúðarkjól handa ítölskum stílista þegar ég vann hjá Alexander McQueen.

**Fallegasti staður í Mosfellsbæ?** Snoppa í Varmadal, heimili foreldra minna.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?** Eignast börnin mín, ferðast til Balí með fjölskyldunni og ferðast um Ísland á hestbaki.



Á BRÚÐKAUPS DAGINN



UNG AÐ ÁRUM

HALLDÓRA SIF OG GUÐRÚN LÍSA

meðal annars þátt í hönnunarferlinu á vor- og sumarlinunni 2017.

## Eigið vörumerki, Sif Benedicta

Eftir að Halldóra Sif flutti heim frá London fór hún að hanna og prófa sitt eigið vörumerki, Sif Benedicta. Hún sérhæfir sig í lúxus leðurhandtöskum, plexitöskum og skarti, þá helst eyrnalokkum, hálsmenum, hársþennum og silkislæðum.

„Ég byrjaði á því að gera handtöskur og fylgihluti en svo kom fyrsta fatalínan mín út á Hönnunarmars í vor en framleiðsla úr þeirri línu er að koma út núna fyrir jólin. Ég eyði miklum tíma í að hanna góð snið, finna óvæntar litasamsetningar og prentmynstur og svo stíliserá ég fötin á mismunandi vegu, þetta eru aðallega jakkaföt, skyrturn og kjólar fyrir konur.“

## Opnuðu verslun við Laugaveg


Halldóra Sif var að opna, ásamt tveimur öðrum hönnuðum, verslun og vinnustofu í afar fallegu húsi við Laugaveg 16 í Reykjavík sem heitir Apotek Atelier. Þar má finna tösukur, kvenföt og fylgihluti úr hágæðaeffnum.

„Undirbúningurinn að opnuninni hefur staðið yfir á þriðja mánuð, við hönnuðum saman allt hér að innan, gerðum framleiðsluna klára og komum með nýjar vörur,“ segir Halldóra Sif um leið og hún sýnir mér verslunina.

„Móttökurnar hafa verið vonum framfar, nú er aðventan gengin í garð og jólin á næsta leiti, við erum afskaplega ánægð með að hafa náð að opna fyrir jól. Það verður gaman að taka á móti þeim sem eru á röltinu um bæinn,“ segir Halldóra Sif og brosir um leið og hún kveður mig í dyrunum.



# NÝJAR BÆKUR Í BÓKAHILLUNA




Draugar, mörur, fylgjur, mórar, skottur og afturgöngur. Þessar óvættir urðu ekki eftir í fortíðinni heldur eru hér enn og stundum stíga þær út úr myrkrinu. Í þessari bók má finna yfir 130 íslenskar draugasögur frá nútímanum. **VARÚÐ.** Lesist í dagsbirtu!



Í þessari bók er að finna fjölbreyttar spurningar fyrir alla tölvuleikjaspilara. Hvað er betra en að taka sér stutta hvíld frá spilun og spreyta sig á þessum skemmtilegu spurningum? Með því að bjóða upp á efni sem krakkar hafa áhuga á hvetur það þá til að lesa. Spurt er um bæði nýjustu leikina og þá gömlu góðu ...




Þessi bók fjallar um starf slökkviliðsmanna og tækjakost þeirra. Myndirnar lyftast upp þegar blaðsíðunum er flett. Bókin er listaverk sem unun er að skoða og fræðast á sama tíma. Lesum og lærum!




Hahahaha! Híhíhí ... 100 myndskreyttir brandarar! Þessi bók er happafengur fyrir káta krakka sem elska að hlægja. Og nú í fyrsta skipti eru allir brandararnir myndskreyttir og í lit! Þetta eru jafn stór tíðindi og þegar litasjónvarpið kom fyrst til landsins!




Léttlestrarbókin Prump. Forvitni rekur börnin áfram og þau æfa lestur - því þau langar til að vita meira. Kjarnorkuprump! KA-BÚMM! Stuttur texti á hverri blaðsíðu auðveldar börnum lestur bókarinnar.



Fimmta bókin! Síðustu tvö ár hafa bækurnar verið tilnefndar af íslenskum börnum sem bestu þýddu barnabækurnar. Frábært grín sem hvetur krakka áfram við lesturinn.

 **Óðinsauga**

ÚTGEFANDI Í MOSFELLSBÆ



## Syntu 717 km í landsátaki

Sunddeild Aftureldingar tók þátt í landsátakinu Syndum.is sem haldið var í nóvember á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Sundsambands Íslands (SSÍ). Verkefnið var hluti af Íþróttavíku Evrópu sem er verkefni sem styrkt er af Erasmus+, styrkjakerfi Evrópusambandsins.

Í vetur æfa 56 börn og ungmenni sund hjá Aftureldingu og voru foreldrar hvattir til að skrá vegalengd þeirra eftir upplýsingum frá þjálfurunum. Það er gaman að segja frá því að unga fólkið okkar synti heila 717 km. Það samsvarar að synda norðurleiðina austur í Bakkagerði og rúmlega það.

## Tímabilið fer vel af stað

Blakstelpurnar okkar, sem eiga Íslandsmeistaratitil að verja, hafa byrjað leiktíðina vel og bara tapað einum leik það sem af er leiktíðar. Þær sitja í 2. sæti deildarinnar með einn leik til góða á KA sem situr í 1. sætinu.

Strákarnir okkar eru í 3. sæti deildarinnar og hafa byrjað ágætlega einnig. Bæði lið eiga eftir einn leik eftir fyrir jólafrí. Jólafríð verður þó ekki bara frí því landsliðsverkefni verður á milli hátíða en A landsliðin í blaki halda til Lúxemborgar og keppa á Novotel Cup 27.-29. desember.

Blakdeild Aftureldingar á átta leikmenn í æfingahópunum, 5 í kvennaliðinu og 3 í karllaliðinu.



## U-16 lið Aftureldingar efst

Helgin 29.-31. október var stór blakhelgi hjá Aftureldingu að Varmá. Á föstudeginum var haldið skólámót í blaki fyrir 5. og 6. bekk í Fellinu. Þar tóku þátt um 100 krakkar úr Lágafellsskóla, Varmárskóla og Helgafellsskóla og skemmtu sér vel.

Þessa helgi hélt blakdeildin einnig fyrri hluta Íslandsmóts yngri flokka að Varmá. Afturelding átti 4 lið á mótinu sem öll stóðu sig með þrýði. U-16 lið Aftureldingar gerði sér lítið fyrir og vann alla sína leiki og eru efst í sínum flokki. Seinni hluti Íslandsmótsins verður spilaður eftir áramót.

Í fyrsta sinn í tvö ár fengu U-landsliðin í blaki að fara og spila erlendis, spiluðu á NEVZA mótinu sem er Norður-Evrópumót sem var haldið í Danmörku að þessu sinni.

Afturelding átti tvo fulltrúa í U-17 landsliðunum, Jórunn Ósk Magnúsdóttir og Magni Þórhallsson. Stúlurnar unnu mótíð en það hafði aldrei gerst áður og strákarnir í 4. sæti.



## Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

GJAFAKORT

VISA  
Prepaid



LANDSBANKINN.IS



WWW.JAKOSPORT.IS



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI



**JÓLIN BYRJA Í JAKO**



**VEFVERSLUN  
JAKOSPORT.IS**



**AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR**

JAKOSPORT (NAMO EHF.) - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is




# RATLEIKUR


fyrir fjölskyldur og vini

## Í ÁLAFOSKVOÐS OG REYKJALUNDARSKÓGI

- 📍 Tilgangur leiksins er að fá fjölskyldur, vina- og bekkjarhópa út að leika og hreyfa sig í náttúrunni.
- 📍 Ekki er um kapphlaup að ræða heldur reynir á hugmyndaflug, styrk, skynjun og úrræðasemi þátttakenda.
- 📍 Ratleikurinn hefst í **Álafoskvos**, liggur um **Reykjalundarskóginn** og endar svo aftur í kvosinni.
- 📍 Um er að ræða **2,5 km** leið og getur þátttakan tekið á bilinu **1-2 klst.**, allt eftir því hversu hratt er farið yfir.
- 📍 Stöðvarnar á leiðinni eru **20 talsins** og allar númeraðar.
- 📍 Á hverri stöð eru **fróðleikur, verkefni og leiðbeiningar** um hvernig maður kemst frá einni stöð til annarrar.
- 📍 Verið endilega **klædd eftir veðri** og í góðum skóm. Ekki er verra að kippa með sér vatnsflösku og jafnvel hollu og góðu nesti ef fólk vill gera sér enn glaðari dag. Við hvetjum alla til að nýta þetta **frábæra tækifæri** til að njóta samveru úti í náttúrunni!
- 📍 Ratleikurinn er **samstarfsverkefni** Heilsuefandi samfélags í Mosfellsbæ, Ferðafélags Íslands og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.



Ratleikurinn hefst í Álafoskvos. Fyrsta skiltið má finna neðst í áhorfendapöllunum við Ásgarð.



TIL SÖLU

## 22 atvinnubil

Stærðir 108,6 - 124,9 m<sup>2</sup>

- milliloft 38,5 - 40f m<sup>2</sup>

Innkeyrsluhurðir 4.2x4 m

Malbikuð afgirt lóð

Fjarstýrt rafmagnshlið

### Söludeild:

Sigurður Jakob Helgason, s: 869 1677

### Byggingastjórn:

Eypór Á. Eiríksson, s: 776 1000

[sala@desjamyri.is](mailto:sala@desjamyri.is)

Atvinnuhúsnæði  
til afhendingar 2022



Desjamýri 11, 270 Mosfellsbæ

[www.desjamyri.is](http://www.desjamyri.is)




Tilvalin  
jólagjöf



Ístex 30 ára

Glæsileg ný prjónabók  
eftir Védísi Jónsdóttur



BYGGINGAFÉLAGIÐ  
**BAKKI**

# Nokkur orð um fjárhagsáætlun og kaffisopa

Fjárhagslegt umhverfi sveitarfélaganna hefur einkennst af mikilli óvissu undanfarnin 2 ár af orsökum sem við öll þekkjum.

Á covid-tímum varð reksturinn vandasamari og tekjur lækkuðu. En eins og fyrirliggjandi fjárhagsáætlun 2022 sýnir þá er fjárhagur sveitarfélagsins að komast á betra ról fyrir en menn töldu að væri mögulegt í upphafi faraldurs, tekjufallið er að skila sér hraðar til baka og tekjur að nálgast það sem var fyrir faraldur. Mosfellingum heldur áfram að fjölga og þar með skila sér auknar tekjur í kassann. En fjölgun íbúa fylgir líka aukin þjónustupörf. Auðvitað er ýmislegt gott að finna í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun sem allir flokkar í bæjarstjórn geta skrifað undir. En fjárhagsáætlunin er ekki unnin í samstarfi og þ.a.l. hafa flokkar í minnihluta ekki tækifæri til að koma sínum áhersluatriðum að.



## Tíu dropa útsvarslækkun til heimabruks

Áherslur í fjárhagsáætlun endurspeglar pólitíska afstöðu þeirra stjórnmalaflokka sem hana leggja fram, þ.e. Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks. Lækkun útsvarsprósentsu um 0,04 prósentustig frá leyfilegu hámarki er pólitísk aðgerð til að tikka í box skattalækkana hjá Sjálfstæðisflokknum og VG töltir með. Eins og við Samfylkingarfólk höfum margoft bent á skiptir þessi lækkun í raun engu máli fyrir einstaka útsvarsgreiðendur. Þannig heldur útsvarsgreiðandi sem er með 500.000 krónur á mánuði eftir aukalega 200 krónum sem duga fyrir kaffibolla á bensínstöðinni. Bæjarbúinn með 2.000.000 á mánuði getur farið í bakaríð og fengið sér kaffi og með því. Þetta smellpassar við hugmyndafræði sjálfstæðismanna.

Meirihlutinn ákveður nú sjötta árið í röð

að innheimta ekki fullt útsvar. Árið 2022 þýðir það 24 milljónum minna í kassann. Lauslega reiknað eru það ríflega 100 milljónir sem meirihlutinn hefur afþakkað inn í rekstur veðjans á þessum árum. Í ljósi þess að ábati einstakra útsvarsgreiðenda er lítt sem enginn telur Samfylkingin að í stækkandi sveitarfélagi hefði verið skynsamlegra og til ábata fyrir samfélagið í heild að nýta þessa fjármuni í brýn verkefni s.s. aukinn stuðning og sérfræðipjónustu innan skólakerfisins, aukinn kraft í umhverfis- og loftslagsmálin eða til að auka stuðning við þau sem höllustum fæti standa í okkar samfélagi, svo einhver dæmi séu nefnd.

Sveitarfélögin í landinu halda því fram með réttu að ríkið hafi ekki látið fylgja nægilega fjármuni með flutningi verkefna frá ríkinu til sveitarfélaganna. Má þar nefna grunnskólann og málefni fatlaðs fólks. Reyndar hefur komið fram í umræðunni að 9 milljarða vanti inn í málflokk fatlaðs fólks frá ríkisvaldinu. Á það er bent að tekjumöguleikar sveitarfélaganna séu

mun takmarkaðri en ríkisvaldsins enda geta sveitarfélög ekki ákveðið nýja skatta eins og ríkið. Þannig séu sveitarfélögin að nýta fjármuni sem ættu að fara í annað til að halda upp lögbundinni þjónustu í þessum málaflokkum. Á móti þessum rökum hafa heyrst, m.a. frá framámönnum í ríkisstjórn Sjálfstæðismanna, VG og Framsóknar, að það sé holur hljómur í kröfum sveitarfélaganna um aukin fjárframlög þegar sveitarfélögin fullnýti ekki útsvarsheimildina. Við tökum undir þá skoðun framámanna ríkisstjórnarinnar því þegar öllu er á botninn hvolft þá koma fjármunir til þessara mikilvægu samfélagsverkefna alltaf af sköttum borgaranna.

Lækkun útsvars um 0,04 prósentustig er sýndarmennska í heimabyggð sem flækir málin í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Anna Sigríður Guðnadóttir,  
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar  
Ólafur Ingi Óskarsson,  
varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

# Eilíf hækkun launa íslensku elítunnar – Æðstu embættismannanna

Á ensku talað um „conflict of interest“, þ.e. þegar atvik valda því hagsmunir aðila rekast á. Einn aðilinn getur verið sá sem hefur umboðið (e. agent) og hinn umboðsveitandinn (e. principal). Það kann að vera að hagræðing sé því að veita einhverjum umboð. Hvað getur gerst þegar umboðsveitandinn er ekki viðstaddur, farið er út fyrir umboðið og svik eru í taflí?

Í dómum sem hafa fallið frá hrúni íslenska fjármálakerfisins, sem skali á 2008, hefur verið dæmt í umboðssvikamálum. Þá hafa fallið dómar sem varða refsingu ef sá sem umboðið hafði, umboðsþeginn, fór út fyrir umboðið. Með störfum margra er fólgið umboð, þ.e. stöðuumbod. Einnig eru menn með umboð í tengslum við störf sín, sbr. störf lögmannna, starfsmanna í stjórnkerfinu sem innan fjármálakerfisins og víðar.

Í kosningum veitum við kjörnum fulltrúum umboð. Þá er um að ræða pólitískt umboð og leggja stjórnmalamenn og flokkar fram stefnu sína fyrir hverjar kosningar og eru svo dæmdir af verkom sínum síðar í næstu kosningum. Þar sæta stjórnmalamenn sinni pólitísku ábyrgð. Margir ákveða reyndar að þeirra staða sé orðin það veik að þeir ákveða fyrir fram að yfirgefa pólitíska sviðið og tilkynna í tíma að þeir bjóði sig ekki aftur fram.

Þegar kjörnir fulltrúar eru ráðnir til starfa stöðu sinnar vegna, þ.e. þegar þeir ná meirihluta, eru þeir orðnir hluti stjórnkerfisins, þ.e. framkvæmdastjórnar í sveitarfélögum eða innan framkvæmdavaldsins, ráðherrar. Framkvæmda-




stjórnar sveitarfélaga, oft nefndir bæjarstjórnar, eru þá orðnir bæði stjórnmalamenn og starfsmenn, þ.e. embættismenn. Vandinn við slíkt fyrirkomulag hefur m.a. leitt til þess að félagar þeirra, sem síðar vænta þess að ná sömu vegsemd, eru þeir hinir sömu og samþykkja ráðningarsamning viðkomandi bæjarstjóra. Þar eru laun oft mjög há og eins og fyrir hrún fjármálakerfisins er það réttlætt með því að annan eins snilling sé ekki að finna í bæjarfélaginu, nú eða í landinu.

Einnig er fullt að viðkomandi sæti svo mikilli ábyrgð að háu launin réttlæti það, eftir atvikum kaupréttir og önnur vildarkjör. Einhverjir sækjast eftir að fá einhvern í starfið sem hentar, einhvern sem spilar með. Í upphafi þessa kjörtímabils í Mosfellsbæ samdi meirihlutinn við bæjarstjórnann um laun sem eru miðuð við laun ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu. Hvað hékk á spýttunni?

Á kjörtímabili stjórndarstjórna á Íslandi í dag féllu brott lög um kjararáð. Laun ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu hækkuðu skömmu síðar, og þar með bæjarstjórnarsins í Mosfellsbæ, um sem nemur 114.510 krónur eftir áramótin 2019 og 2020 og fóru þá í 1.932.203 á mánuði. Varð forseta lýðveldisins þá svo um að hann ákvað að afþakka hækkun sína en um það má lesa í frétt í Fréttablaðinu 8. apríl 2020.

Talnakönnun gaf út skýrslu fyrir Félag forstöðumanna ríkisstofnana, sem birt var í mars sl. Þar kom fram að launaþróun ráðuneytisstjóra hefur hækkað umtalsvert umfram

## Dreifing launa fullvinnandi launafólks 2020



forstöðumenn og nokkuð umfram launavísitölu. Sjá má samkvæmt þessu að skattgreiðendur eru að hanna hér á landi nýja elítu embættismanna og kjósa yfir sig kostnað ár frá ári. En sæta þessir aðilar ábyrgð?

Samkvæmt frétt Viðskiptablaðsins 24. ágúst sl. er fullt að laun bæjarstjórnarsins í Mosfellsbæ séu komin í um eða yfir 2.141.000,- krónur á mánuði. Regluleg mánaðarlaun, skv. Hagstofu Íslands, námu árið 2020 um kr. 480 til 749 þúsund, regluleg laun í fullu starfi að meðaltali um kr. 670 þúsundum.

Umboðsvandinn leynist víða og veldur skattgreiðendum tjóni ár eftir ár þar sem frændhygli, vinavæðing og undirlægjuháttur óbætanlegu tjóni. Breytum þessu í næstu kosningum.

Gledileg jól og farsælt komandi ár. Kjóssum rétt á komandi ári.

Sveinn Óskar Sigurðsson  
Bæjarfulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ

# Fréttir af starfi Kvenfélags Mosfellsbæjar

Dagur sjálfbóðaliðans er 5. desember ár hvert samkvæmt útnefningu Sameinuðu þjóðanna. Á þeim degi er vel við hæfi að setja á blað nokkur orð um störf kvenfélaga sem vinna sín störf af hugsjón.

Almenn skilgreining á sjálfbóðaliðastarfi er á þessa leið: Sjálfbóðið vinnuframlag einstaklinga sem taka að sér að sinna valfrjálsum viðfangsefnum sem unnin eru með hagsmunum almennings að leiðarljósi án þess að viðkomandi fái greiðslu fyrir.

Kvenfélagskonur hafa alla tíð sinnt málefnum í nærsamfélagi sínu. Á árinu sem er að líða hefur engin undantekning orðið á því og hefur Kvenfélag Mosfellsbæjar fært nokkrum aðilum gjafir sem við vonum að komi að góðum notum. Hamrar hjúkrunarheimili fékk t.d. þrjár JOY FOR ALL rafkisur að gjöf. Þær eru með innbyggðan skynjara og bregðast við faðmlögum og klappi á svipadan hátt og alvöru kisu gera. Sambýlið Hlein við Reykjaland fékk loftdýnu með mótór sem hentar vel til að fyrirbyggja þrýstingssár og eykur almenna vellíðan. Síðast í þessari upptalningu er Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem fékk að gjöf 60 handþrjónaða bangsa, svokallaða sjúkralálabangsa sem eins og nafnið bendir til eru hafðir til taks í sjúkralálabangum og gefnir yngstu sjúklingunum.

Okkur kvenfélagskonur er umhugað um nærsamfélagið en við tökum einnig virkan þátt í starfi Kvenfélagasambands Íslands sem við erum stoltir aðilar að. Innan KÍ eru u.þ.b. 150 kvenfélög starfandi um land allt eða um 5.000 konur sem vinna óeigingjarnar starf í þágu samfélagsins. Öft fer þetta starf ekki hátt en til að setja það í samhengi við



Fjöla Bjarnadóttir forstöðumaður Hamra og Auður Kjartansdóttir gjaldkeri Kvenfélagsins með þrjár rafkisur.

tölur er gaman að segja frá því að á árunum 2018-2020 hafa kvenfélagskonur um land allt gefið samtals 179.053.274 krónur til samfélagsins skv. skýrslu sem flutt var á fjölmennu landsþingi KÍ í Borgarnesi nýlega.

Kvenfélagskonur um allt land tóku saman höndum og tóku þátt í afmællisöfnuninni „Gjöf til allra kvenna á Íslandi“ í tilefni 90 ára afmælis Kvenfélagasambands Íslands. Með sölu á sérmerktum armböndum og súkkulaði frá Omnom var safnað fyrir tækjum og hugbúnaði þeim tengdum sem kemur til með að gagnast öllum konum um landið allt. Um er að ræða mótora, ómtæki og rafrænar tengingar milli landsbyggðar og Kvennaeidal Landsspítala. Þessi búnaður kemur til með að stytta biðtíma, lágmarka ferðalög og auka öryggi hvort sem um er að ræða aðstoð og greiningu vegna meðgöngu, fæðinga eða skoðana vegna kvensjúkdóma. Markmiðið var að safna 36 milljónum, undir lok söfnunar var upphæðin komin í 34 milljónir og erum við þakklátar fyrir góðar undirtektir.

Kvenfélag Mosfellsbæjar hefur starfað í 112 ár, þó ekki alltaf undir sama nafninu. Við fundum fyrsta mánudag hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina og tökum fagnandi á móti gestum og nýjum félögum.

Kæru Mosfellingar, við kvenfélagskonur óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum veittan stuðning á liðnum árum.

Fyrir hönd stjórnar KM  
Vilborg Eiríksdóttir ritari



# KJÖR ÍÞRÓTTAKONU OG ÍÞRÓTTAKARLS *Mosfellsbæjar 2021*

Þeir sem eru gjaldgengir sem íþróttakarl og íþróttakona Mosfellsbæjar skulu koma úr röðum starfandi íþróttafélaga /deilda í bæjarfélaginu eða vera með lögheimili í Mosfellsbæ en stunda íþrótt sína utan sveitarfélagsins.

Komi útnefning frá tveimur félögum í sömu íþróttagrein má íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar leita til sársambands ÍSÍ um álit.

*Útnefningar  
og ábendingar  
óskast*

*Allar útnefningar og ábendingar  
sendist á [dana@mos.is](http://dana@mos.is)*

**Vinsamlegast sendið útnefningar á [dana@mos.is](http://dana@mos.is) fyrir 18. desember 2021.**

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar í síma 660-0750 og Dana Marteinsdóttir í síma 659-9654.

*Íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar*



MOSFELLSBÆR



## Jólaskógurinn í Hamrahlíð

Jólatrjáasalan í Hamrahlíð við Vesturlandsveg hefst laugardaginn 11. desember klukkan 14:00.

Jólasveinar munu mæta á svæðið og verður því fjór í Jólaskóginum í Hamrahlíðinni. Bæjarstjórinn mun höggva fyrst tréð auk þess sem Mosfellskórinn syngur nokkur lög. Jólatrjáasalan er fyrir löngu orðinn fastur liður í undirbúningi jólanna hjá mörgum íbúum Mosfellsbæjar og nærsveitunga. Það er skemmtileg hefð að skunda í skóginum og velja sér fallett tré.

Oft er það nú þannig að því meiri vinna og tími sem fer í að velja tréð, því meiri merkingu hefur það í stofunni. Í Hamrahlíðinni er nægt úrval af blágreini, sitkagreini og stafafuru sem verður vinsælla jólatré með hverju árinu sem líður. Hvetjum við því sem flesta að mæta í fjallið og skoða úrvalið í skóginum. Einnig er í boði að velja sér tré úr rjóðrinu þar sem eru tré sem hafa verið felld úr skógum félagsins.

Með kaupum á jólatrjám er stutt við starf Skógræktarfélag Mosfellsbæjar, en mest af starfsemi félagsins er unnið í sjálfböðavinnu. Hluti af ágóða jólatrjáasölu er nýttur til að gróðursetja allt að 30 tré fyrir hvert selt tré. Með kaupum á mosfellskum jólatrjám er því verið að stuðla að aukinni skógrækt innan Mosfellsbæjar.

Hluti af þessum trjám eru gróðursett milli annarra trjáa og vaxa því upp í skjóli,



og hluti gróðursettur í ný svæði sem auka þar með flatarmál skóga innan sveitarfélagsins. Þessar gróðursetningar gefa af sér útivistarskóga, viðarnytjar og framtíðarjólatré. Með hverju seldu jólatré er því margþættur ávinningur svo ekki sé minnst á kolefnisbindingu með trjágróðri. Búast má við að af

þessum 30 trjám sem gróðursett eru fyrir hvert selt tré, muni 15 halda áfram vexti og þar með binda kolefni næstu áratugin. Hin 15 trén munu ýmist deyja í æsku, verða nýtt sem grisunarviður eða verða að framtíðarjólatrjám.

Jólaskógurinn er því sjálfbær, það bætast fleiri tré við en eru tekin út. Þetta er einnig í takti við nýjustu áherslur ríkisstjórnarinnar um aukna skógrækt til að ná markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030. Það þurfa allir að taka höndum saman til að ná þessu markmiði. Þar skiptir auðvitað mestu að við drögum sem mest úr losun.

Kaup á íslenskum jólatrjám eru góð leið til að taka þátt í bindingu á móti losun. Það sem skiptir þó mestu máli er að þið getið mætt til okkar í jólatrjáasölu í Hamrahlíðina og valið ykkur jólatré úr skóginum eða rjóðrinu og notið svo jólanna við furu- eða grennilminn. Gleðilega adventu.

Björn Traustason  
Formaður Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

## Framsókn til framtíðar

Kæri sveitungi, eins og flestum íbúum Mosfellsbæjar er kunnugt þá verða sveitarstjórnarkosningar þann 14. maí 2022.

Spennandi tími er fram undan og hægt að hafa góð og mikil áhrif. Við framsóknarfólk ætlum okkur að sjálfsögðu að mæta sterk til leiks og höfum nú þegar hafið kosningaundirbúning. Það er tilhlökkun í okkar fólk og kominn tími til aðgerða og sóknar og gera góðan bæ enn betri.

Þann 17. ágúst sl. var haldinn aðalfundur Framsóknarfélags Mosfellsbæjar og ný stjórn kosin:

Stjórnin er þannig skipuð: Halla Karen Kristjánsdóttir formaður, Þorbjörg Sólbjartsdóttir varaformaður, Örvar Jóhannsson ritari, Kjartan Helgi Ólafsson gjaldkeri og Leifur Ingi Eysteinnsson meðstjórnandi. Varamenn: Eygló Harðardóttir og Sigurður E. Vilhelmsson.

Á félagsfundum okkar 10. nóvember sl. var svo tekin ákvörðun um að við röðum á framboðslista okkar fyrir kosningarnar í



vor verði notast við uppstillingu. Á fundinum var einnig skipuð uppstillingarnefnd sem þegar hefur tekið til starfa og er það Ævar Sigdórsson sem leiðir starf nefndarinnar.

Við viljum hvetja alla sem hafa áhuga á að koma á fundi hjá okkur, mæta í gönguferðir eða taka þátt í starfinu með okkur á einn eða annan hátt, til að láta sjá sig á auglýstum viðburðum eða hafa samband við okkur til að tryggja að raddir sem flestra heyrist.

Þín rödd er mikilvæg og þú skiptir máli fyrir bæjarfélagið. Það er okkur mikilvægt að eiga gott samráð og samvinnu við ykkur bæjarbúa.

Við erum traust og heiðarleg, ætlum að vera með gleðina í fyrirrúmi og látum hana drífa verkin áfram og heilbrigða skynsemi ráða ferðinni.

Framsóknarkveðja  
Halla Karen Kristjánsdóttir formaður

**ÖKUKENNSLA HREIÐARS**  
8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

Gott að spjalla við staffið

Kösið staðurt

MJÖG SKEMMTILEGT

GEITIN!

Best í heimi

ÆÐI

BEST

Gott að chilla

**Hvað hafa unglíngarnir okkar að segja um Bólið?**

Við í Félagsmiðstöðinni Ból leggjum mikið upp úr því að búa til jákvætt og öruggt umhverfi fyrir unglíngana okkar!

Skemmtilegt hvað er alltaf mikið stórt

UPPLIFUN

STEMNING

Besta félagsmiðstöðin á landinu

Staffið skemmtilegt og gaman að spjalla við þau



# Sá elsti og virtasti

Kæru Mosfellingar. Nú hefur Framsóknarflokkurinn legið í dvala hér í bænum okkar svo árum skiptir sem er afar miður fyrir okkar bæjarfélag.

Það fer nefnilega ekkert á milli mála að grunngildi flokksins, sem skilað hafa þjóðinni þessum mikla árangri á landsvísi, hafa átt undir högg að sækja hér í Mosfellsbæ.

Þetta sést bersýnilega á morgnana þegar umferðarteppan er hvað mest, þar sem flest allir flykkjast í Reykjavík eða nærumhverfi til að sækja atvinnu. Erfitt hefur reynst fyrir ungt fólk að setjast hér að vegna skorts á húsnæði fyrir fyrstu kaupendur. Lítil fjölbreytni er í atvinnustarfsemi. Stórar ákvarðanir hafa verið teknar í tráss við vilja lykilaðila. Framtíðarsýn skortir í skipulagsmálum. Hér er einfaldlega tækifæri til að gera betur.

Við í unga armi Framsóknar fáum ekki betur séð en að rótgróin stefnumál elsta og virtasta



flokksins eigi töluvert erindi hér, þ.e.a.s. skynsöm byggðastefna og bætta samgöngur, metnaðarfull atvinnusköpun og loks virkt samráð.

Til þess að stuðla að atvinnusköpun verða svo auðvitað að vera til staðar skilyrði svo einkaframtakið geti fært út kvíarnar, í þeim efnum eru uppi mörg tækifæri til að gera betur með ýmsum ívilnunum til að laða að fyrirtæki.

Framsóknarflokkurinn vann stórsigur í nýafstöðnum kosningum á landsvísi og við ætlum okkur að sjálfsögðu að fylgja fast á eftir í komandi sveitarstjórnarkosningum. Nú er undir okkur bæjarbúum komið að tryggja veru sáttasemjarans í miðjunni hér í Mosfellsbæ.

*Kjartan Helgi Ólafsson og Leifur Ingi Eysteinnsson, höfundar eru ungir Framsóknarmenn og stjórnarmenn í Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar*

# Eigum við ekki öll rétt á að vera eins og við erum, eins ólík og okkur var ætlað að vera!

Í litlu þorpi úti á landi þar sem ég er alin upp þá vorum við krakkarnir reglulega minntir á að kurteisi kostar ekkert. Einnig að taka tillit til annarra, þótt ólík séum.

Mér þótti þetta ægileg klisja þegar mamma mín sagði þetta við mig, en eftir að ég varð eldri þá skildi ég meininguna og hef alltaf lagt mig fram um að fara eftir þessu því eitt af höfuðgildum í mínu lífi er að koma vel fram við aðra og sýna þeim kurteisi, hlýju og kærleika.

Allir eiga rétt á að vera nákvæmlega eins og þeir eru og eiga að fá að blómstra á sínum forsendum. Sýnum öðru fólki virðingu, því fjölbreytileikinn geri okkur betri. Við verðum sterkara samfélag og betri bær fyrir viknið.

Hvers vegna eru sumir þannig að þeir þurfa alltaf að gera lítið úr öðrum og bera ekki virðingu fyrir fólki sem er ekki eins og þeir sjálfir? Við getum ekki breytt öðrum en við getum breytt viðhorfi okkar til annarra. Við eigum ekki að vera neikvæð heldur taka fólki eins



og það er og sýna öllum virðingu og hlýju.

Erum við ekki á rangri braut ef okkur finnst við vera yfir aðra hafin og vera klárari en aðrir? Sýnum öðrum kærleika og tillitsemi því allt er þetta ákvörðun okkar sjálfra, hvernig við ætlum að koma fram, hvernig ætlum við að hafa daginn okkar, góðan, jákvæðan og skemmtilegan eða leiðinlegan, neikvæðan og fúlan.

Ef við reynum að horfa jákvæðum augum á það sem dagurinn ber í skauti sér og ákveðum að við ætlum að vera hamingjusöm þá mun dagurinn sannarlega verða betri.

Mig langar að vekja athygli á þessu þar sem mér finnst fólk of oft sýna öðrum óvirðingu, jafnvel niðurlægingu og skrifa ljóta hluti án þess að hugsa um hvaða afleiðingar það getur haft. Sýnum frekar öðrum tillitsemi og kurteisi. Reynum að sýna kærleika og brosa til ókunnugra því „bros getur dimmu í dagsljós breytt“.

*Kristín Ýr Pálmarsdóttir*

## BETRI ÞÚ, DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ

VEIST ÞÚ.....

að depurð snýst um fortíðina? Hugsanir um hvað hefði mátt fara betur þá, eða hvað maður átti erfitt. RTT Dáleiðslumeðferð getur oft losað um gamlar tilfinningar sem valda depurð.

STELLA BÁRA EGGERTSDÓTTIR

Rapid Transformational Therapist  
meðferðar dáleiðari




BETRI ÞÚ, RTT Dáleiðslumeðferð  
Tímápananir á noona.is/betrithu



## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

### FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



REYNSLA - ÁRÆÐNI - VANDVIRKNI -  
KRAFTUR - ÞOR - ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð



SteinTeppi.is

Vogatunga 51, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

Gólfefna lausnir  
fyrir heimili  
og fyrirtæki

## OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug


Virkir dagar: 06.30 - 21.30

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06.30-08:00 og 15:00-21:00

Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



MÓTANDI

www.motandi.is



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200

www.artpro.is

## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar

GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki





## MARKMIÐ MORGUNDAGSINS

Ég er að vinna með öflugum teymi þessa dagana. Verkefninu sem við erum að vinna að núna miðar vel áfram og það er mjög líklegt að við komumst mun lengra með það en gert var ráð fyrir í upphafi þess. Ein af ástæðum þess er að markmiðin eru skýr. Bæði aðalmarkmiðið og sömuleiðis markmið hvers dags. Þegar vinnudagurinn er að klárast tökum við stuttan fund, förum yfir hvað við fórum langt með markmið þess dags og setjum okkur markmið fyrir morgundaginn miðað við stöðuna í dag. Tökum svo vinnurispú, klárum daginn og höldum brattir heim – sérstaklega þegar við höfum komist lengra með verkefnið en við áttum von á.

Þetta vinnulag hentar mér mjög vel. Og það er einfalt að yfirfæra það yfir á lífið sjálft. Þú setur þér markmið og vinnur að því alla daga. Gerir eitthvað sem færir þig nær markmiði þínu á hverjum degi, sama hversu stórt eða smátt það er. Tekur stöðuna í lok dags, ákveður hvað þú getur gert á morgun til að komast nær stóra markmiðinu og framkvæmir það svo.

Stóra markmiðið getur verið hvað sem er, en það þarf að vera eitthvað sem þér finnst spennandi og þannig að þér finnist á þeim tímapunkti sem þú setur þér markmiðið að það sé alls ekkert mjög líklegt að þú náir því. Þannig verður markmiðið spennandi og hvetjandi. Og með því að vinna að því á hverjum degi, færast þú nær.

Það að setja markmið fyrir morgundaginn heldur manni á tálum og í fókus. Allt verður skýrara og það er miklu skemmtilegra að vinna á þennan hátt heldur en að mæta bara í vinnuna og sinna fyrirbyggjandi verkefnum. Sama hver vinnan og verkefnið eru.

Talandi um skemmtileg markmið. Hið árlega utanvegarþrautahlaup, KB þrautin, verður haldin laugardaginn 21. maí 2022. Þið lásuð það fyrst hér!



Gudjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is

# Covid-19 stöðuskýrsla fjölskyldusviðs

Frá því Covid-19 skall á með öllum þeim ósköpum sem því hefur fylgt hefur skapast umræða í þjóðfélaginu um að heimilisofbeldi hafi aukist mikið og tilkynningum til barnaverndar fjölgað.

Heilu fréttatímarnir voru undirlagðir og mikið gekk á á höfuðborgarsvæðinu í þessum málum, en þar var þó aðallega verið að vísa til fjölgunar í öðrum sveitarfélögum því á sama tíma í Mosfellsbæ sáum við ekki merkjandi aukningu í þessum sömu tilkynningum.

Við byrjuðum að fjalla sérstaklega um þessi mál á fundum okkar í fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar, upplýsingum var safnað fyrir nefndina og fékk málið heitið „Covid-19 stöðuskýrsla fjölskyldusviðs“. Þessi skýrsla var fyrst lögð fram á 293. fundi fjölskyldunefndar 19. maí 2020. Þar var ekki að sjá sýnilega aukningu í þeim málefnum sem fjallað hafði verið um í fréttum. Á fundi nefndarinnar nr. 292 sem haldinn var 17. mars var farið yfir mál sviðsins vegna Covid-19 áhrifa og tryggt að allir skjólstæðingar Mosfellsbæjar fengju nauðsynlega þjónustu og gerðar yrðu ráðstafanir til að tryggja bæði starfsmönnum og notendum þjónustu fyllsta öryggi vegna aðstæðna. Það



tókst og eiga starfsmenn fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar hrós skilið fyrir góðan undirbúning og skipulag.

Síðan fyrsta skýrslan var lögð fram í maí 2020 höfum við á hverjum fundi nefndarinnar lagt hana fram og við fylgst með og rýnt í þær upplýsingar sem liggja fyrir hverju sinni. Starfsmenn fjölskyldusviðs hafa á sama tíma unnið ötullega að því að hlúa að þeim einstaklingum og fjölskyldum sem um er fjallað.

Það sem er einna ánægjulegast að segja frá er að þrátt fyrir fjölgun samþykkrá umsókna um fjárhagsaðstoð milli árána 2019–2020 lítur út fyrir að árið 2021 þurfi um 24% færri einstaklingar fjárhagsaðstoð. Það er frábært þegar fólk kemst aftur út á vinnumarkaðinn eftir alls konar áföll. Á sama tíma sjáum við að atvinnulausir Mosfellingar eru óðum að nálgast 2019 tölurnar en áður en Covid-19 skall á var þegar byrjað að halla undan fæti á vinnumarkaðinum og Mosfellingar fengu sinn skerf af því eins og aðrir. Þegar mest var voru 569 Mosfellingar á atvinnuleysisráði, í mars 2021, en voru í september 2021 komnir niður í 297. Fæstir

atvinnulausir Mosfellingar voru 124 í janúar 2019 og má því segja að enn er töluvert í land.

Varðandi tilkynningar til barnaverndar hefur verið ákveðin fylgni milli íbúafjölgunar og tilkynninga og þrátt fyrir að um 12% aukning hafi verið milli 2019–2020 lítur út fyrir að árið 2021 verði aukning um 5%. Á sama tíma stefnir í að tilkynningum um heimilisofbeldi fækki um 22% milli árána 2020–2021 sem er gott.

Ég minni á að á heimasíðu Mosfellsbæjar á mos.is er gulmerktur hnappur „Ég er barn og hef áhyggjur“. Þar geta börn sent inn tilkynningu ef þau þekkja einhvern sem þarf aðstoð að halda og komið ábendingum til starfsmanna barnaverndar þar sem fullum trúnaði er heitið. Allar þær upplýsingar sem hafa komið fram hér að ofan eru aðgengilegar á heimasíðu Mosfellsbæjar, mos.is, undir fundargerðum fjölskyldunefndar og hvet ég íbúa að kynna sér þær.

Ég óska öllum Mosfellingum gleðilegrar hátíðar, árs og friðar og förum varlega um jólin í faðmi okkar nánustu.

Rúnar Bragi Guðlaugsson, bæjarfulltrúi og formaður fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

## Mosfellsbær og friðun Blikastaðakróar/Leiruvogs

Við Íslendingar stöndum í þeirri bjargföstu trú að náttúra landsins sé fögur, hrein og tær. Er það svo alls staðar?

Ég stend í þeirri trú að Mosfellsbær sé mjög fallegur bær, náttúran og fjöllin allt um kring og fegurð vatna, lækja, áa og hafs sem umlykur okkur.


Nýlega tók ég sæti í Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis (HK) fyrir Mosfellsbæ. Þegar maður tekur við ábyrgð sem þessari vill maður leggja yfir allt og lesa sér til. Það gerði ég og sá mér til mikillar undrunar niðurstöðu mengunarmælinga í viðamikilli og stórmerkilegri ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2019.

Á bls. 24 (mynd 28) blasti við mér súlurit sem sýndi fjölda saurkóligerla á hverja 100 millilítra vatns (saurkólíg/100ml) á nokkrum stöðum í Mosfellsbæ. Þar bar hæst súla við fornan stað hér í Mosfellsbæ sem ber heitið Hestapínghóll. Hvar er það? Ég varð hugsí og fann út að þessi staður hefur slegið öll met í Mosfellsbæ hvað þessa tegund mengunar varðar.

Ég las mér til og fann frétt á vef RÚV frá því 15. júlí 2017 þar sem fjallað var um mikla saurkóligerlamengun á baðstaðnum í Nauthólsvík. Þá mældust þar 99 saurkólíg/100ml. Reyndist þetta meira en venja er á þessum þekktu baðstað höfuðborgarbúa. Sama ár, þ.e. 20. júlí 2017, birtist frétt á mbl.is um saurkóligerlamengun í Varmá, ánni okkar sem býið er að friða. Sú frétt gekk út á m.a. það að 14. júlí, þ.e. skömmu áður en fréttin birtist, var mikill fiskidaudi í Varmá ásamt því að benda á mikla saurkóligerlamengun. Þá mældust 760 til 1000 saurkólíg/100ml.

Þá var sagt í sömu frétt að reglugerð um fráveitur og skólp fyrir útivistarsvæði á fjölda saurkóligerla í að minnsta kosti 90% tilfella eigi að vera undir 100 saurkólíg/100ml miðað við lágmark 10 sýni (reglugerð nr. 450/2009). Hestapínghóll er þar sem Varmá rennur út í Blikastaðakró/Leiruvoginn okkar hér í Mosfellsbæ og út á haf. Mosfellsbær, ásamt Reykjavíkurborg og með aðstoð Umhverfisstofnunar, auglýstu áform um friðun í sumar á Blikastaðakró/Leiruvogi (nær frá Geldinganesi í Reykjavík til botns Leiruvogs í Mosfellsbæ).

Frestur til að skila athugasemdum var gefinn til 10. ágúst 2021 og er það lágmarksfrestur eða 4 vikur. En hve mikil er mengunin við Hestapínghól? Hún hefur verið að slá upp í um eða yfir 2400 saur-



28. mynd. Niðurstöður bakteríurannsóknar í förum í Mosfellsbæ árin 2013–2019. Meðaltal saurkóligerla í 100 ml af sjó.

kólíg/100ml (mynd 27 í skýrslu HK) og að meðaltali hafa mælingar síðustu ár legið frá 400 til allt að 700 saurkólíg/100ml.


Þarna við Hestapínghól fer barnafólk í göngutúra allt árið um kring, fólk með gæludýr sín og sjálft til að njóta fegurðarinnar. Þó fólk baði sig hugsanlega ekki þarna gætu gæludýr gert það. Aðskotahlutir sem berast í fjöruna gætu því verið mengaðir. En er ekki hér eitthvað í meiriháttar ólagi ef þetta er orðið að viðvarandi ástandi?

Mengun hér við ströndina slær út allar mælingar á höfuðborgarsvæðinu og í þokkabót ætla Mosfellsbær að kalla eftir friðun á hafsvæði, lífríki þess og hafsbots sem bærinn sjálfur stendur að því að menga sem mest. Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar var svæðið þarna skráð á náttúruuminjaskrá 1978, Varmárósar friðlystir 1980 ásamt endurskoðun til aukinnar friðunar árið 2012 og nú í ár 2021. Svo má minnast á fitjasefið blessaða sem þarna vex við Hestapínghól sem er friðuð háplöntutegund á valista.

Ég veit að efni þessarar greinar minnar er ekki beint kræsilegt og mæli ég því eindregið með lestri hennar áður en kristileg hátíð okkar nær hámarki með dýrindis máltíð, hlátri, gleði og söng.

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.

Sara Hafbergsdóttir, Fulltrúi Miðflokksins í Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis



## SPÆJARAHUNDURINN

Spennandi og skemmtileg barnabók um klókan hund sem fær sakamálin í loppurnar þegar löggan hefur gefist upp á að leysa þau. Magnaðar teikningar prýða bókina.

Bókaútgáfan Hólar  
holabok.is / holar@holabok.is

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

www.fastmos.is

Stöðuuppfærslur  
in your face



**KALEO**  
We're extremely proud to sponsor our local team Afturelding in our hometown Mosfellsbær, Iceland. Both the men's and the women's team will be wearing KALEO on the front of their jerseys in the coming years. The jersey will be available along with our merch for our upcoming Fight or Flight tour so that you can support them as well. Home is where the heart is <3

3. des



**Hafsteinn Pálsson**  
Íbúafjölgunin í Mosó á árinu 2021 er: 13018 - 12588 = 430 íbúar eða 3,42%

3. des



**Leifur Guðjónsson**  
Hvenær kvarta konur minnst!!!

Í febrúar hann er stytur

3. des



**Helena Kristinsdóttir**  
Er Mosó mögulega að verða fallegasti jólabærinn? Já, ég held það bara, ég mana ykkur að taka rúnt t.d niður á Hlégarðstún, dásamlega jólalegt og fallegt.

Er bara ansi stolt...

30. nóv



**Úlfhildur Geirsdóttir**  
Vorur í sýnatöku á Kleppsmýrargötu 8 og fékk skilaboðin 1. klst. síðar "Come back as negative" var ekki dagur íslenskar tungu í fyrradag?

Blessað sýnatökufólkið til fyrirmyndar en það þyrfti að sandbera stéttina fyrir framan húsið, alveg fjúgandi hálfka. Góðar stundir.

18. nóv



**Birgir D Sveinsson Jr**  
Maður orðinn alvarlega veikur þegar maður er farinn að horfa á Bold and the Beautiful kl 09.05 á daginn og ræða það við eiginkonuna hvað gerðist í þætti dagsins. Þori ekki að ræða þetta við mitt læknameymi þar sem ég yrði umsvifalaust lagður inn. :)

18. nóv

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**BílaGlerið**

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.  
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.  
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!  
779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

**MG LÖGMENN**

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa  
Skilnaðarsamningar - Slysamál  
Gallar í fasteignum  
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042



Þú finnur öll blöðin á netinu  
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**



VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**STILKUR**

ÞURRKAUÐ BLÓM  
& SKREYTINGAR

STILKUR.IS | UGLUGATA 31 | SÍMI 696-6566



**Ökukennsla Lárusar**

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

**Vespu-, bifhjóla- og bilpróf**

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi 554 2510  
www.bilasprautun.is



**FAGVERK**



S: 660 0770 - www.aftak.is



**GARDMENN**

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

**VGH Mosfellsbæ**

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

## HEYST HEFUR...

...að bæjarstjóri utan af landi sé búinn að vera að ihuga framboð í Mosfellsbæ.

...að Pósturinn sé að leita að staðsetningu fyrir Póstbox í Mosó.

...að RÚV sé að fara að taka upp Stundina okkar í jólagarðinum við Hlégarð í næstu viku og verður Jólastundin með Ragnhildi Steinunni, Sveppa, Frikka Dór og fleirum sýnd á jóladag.

...að búið sé að ráða hljómsveitina Albatross ásamt góðum gestum til að skemmta á Þorralóti Aftureldingar 22. janúar 2022.

...að Kolbrún Þorsteins ætli að gefa kost á sér í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðismanna þann 5. febrúar.

...að strákarnir í Kaleo séu að stefna að því að kveðja Mosfellinga á Barion á milli hátíðanna áður en þeir leggja í þriggja ára túr.

...að jólastundin í Hamrahlið verði opnaður á laugardaginn kl. 13.

...að mosfellski fimleikasníllingurinn Viktor Elí hafi landað silfrinu á EM í fimleikum ásamt íslenska karlandsliðinu.

...að farið verði í hugmyndasamkeppni um lystigarð í Bjarkarholtinu í miðbæ Mosfellsbæjar.

...að Árni Magg og Thelma hafi eignast son á dögnum.

...að jólast Coca Cola keyri í gegnum Mosfellsbæinn á laugardaginn upp úr kl. 17.

...að ötulur sjálfboðaliðum í kringum handboltann hafi verið hampað í Seinni bylgjunni.

...að Steindinn okkar eigi afmæli í dag.

...að knattspyrnudeildin muni aðstoða jólasveinana við að afhenda gjafir á aðfangadag.

...að rafmagnsið sé alltaf að fara af Leirvogstungunni.

...að það verði fjölmenn skótuveisla á Blik á Þorláksmessu og Greta Salóme muni skemmta.

...að til standi að setja listaverk á hringtorgið sem kennt er við Kjarnann í miðbæ Mosfellsbæjar.

...að það verði uppkomur í Jólagarðinum næstu tvo sunnudaga, heitt kakó, kórar, sveinkar og stemning.

...að Þorgeir Leó og Wentzel Steinarr verði með Barsvar á Barion í kvöld.

...að stefnt sé að því að Hlégarður verði tilbúinn eftir endurbætur á fyrstu mánuðum nýs árs.

...að bæklundur með eldunarleiðbeiningum frá Kjötubúðinni fylgi Mosfellingi í hvert hús í dag.

...að jólatréð á Miðbæjartorginu sé frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar.

...að Íris og Orri hafi eignast strák í vikunni.

...að Ási Stef og Constance Riam hafi trúlofað sig í Karíbahafinu.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar



Kristinn Orri fæddist 7. júní 2021. Hann var 18 merkur og 53 cm. Foreldrar hans eru Tinna Sif Guðmundsdóttir og Daði Freyr Davíðsson. Eldri systur Kristins Orra eru Caritas Rós, 8 ára og Þóra Huld 3 ára.



Nýjstu frændsystkini Mosfellsbæjar. Drengur Benediktsson fæddur 13. október 2021 á Akranesi. Hann var 10 merkur og 47 cm. Foreldrar hans eru Benedikt Geir Jóhannesson og Sædis Rán Sveinsdóttir. Katla Maren Antonsdóttir fædd 10. apríl 2021 í Reykjavík. Hún var 15 merkur og 50 cm. Foreldrar hennar eru Anton Örn Kristjánsson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Atli Óskarsson, fæddur 21. júní 2021. Foreldrar eru Hugrún Þorsteinsdóttir og Óskar Smári Haraldsson. Skagfirskur Mosfellingur.

## Í eldhúsinu



### Jólamöndlunasl

Aðalheiður Helgadóttir og Bragi Þorsteinsson deila að þessu sinni með okkur skemmtilegum uppskrifum af jólamöndlum. Fyrri uppskrifin segja þau að sé tilvalin með uppáhalds jólabjörnum og seinni er tilvalin með góðum kakóballa eða í jólapakkann.

#### Jólamöndlunasl m/rósmarín og chili

- (Tilvalið með uppáhalds jólabjörnum)
- 2 msk góð olía
  - 1 msk rósmarín
  - 1-2 tsk gróft salt
  - 1 tsk chiliduft
  - ½ tsk cayenne pipar (má sleppa)
  - 3 dl möndlur m/hýði og 3 dl pekanhnetur

Blandið öllu saman í skál og setjið á ofnplötu klædda bökunarpappír. Setið inn í 170° heitan ofn í 15-20 mín. og hrærið reglulega á meðan. Takið út, kælið og njótið.

#### Klassískar jólamöndlur

- (Tilvalið með kakóballa eða í jólapakkann)
- ½ bolli vatn
  - 1 bolli sykurl ( +2 msk í lokin)
  - 1 msk kanill
  - 1 tsk vanillusykur
  - 2 bollar möndlur m/hýði



Blandið saman vatni, sykri, kanil og vanillusykri á pönnu. Þegar súdan kemur upp er möndlunum bætt við og hiti lækkaður. Hrærið vel þar til allur vökvi hefur gufað upp (ca 15 mín). Stráðið ca 2 msk af sykri í lokin yfir allt og hrærið nokkrum sinnum til viðbótar (ca 5 mín). Hellið möndlunum á bökunarpappír, kælið og njótið.

Heiða og Bragi skora á Laufeyju og Baldur að deila næstu uppskrift

# JÓLA-PISTILL

Þegar þetta er skrifað er annar í aðventu ... mér líður samt sem áður eins og það hafi verið í gær sem sagt var við mig að það væru rétt rúm 150 dagar í jólin.

Eins skrítið og það hljómar þá er þessi blessaði covid-tími bara frekar fljótur að líða, maður gerir ekki mikið annað en að halda sig innandyra og það sem var áður tilhlökkun í helgarfrí er orðið tilhlökkun í að komast í vinnu.

Þegar Covid-tímar verða gerðir upp þá verður tekið undir það hvað það var nú auðvelt að hringja sig inn veikan í vinnu eða skóla „gjemli ég er tæpur í hálsinum ég held ég treysti mér ekki innan um fólk í dag“ og það þrætir enginn við mann eða biður mann um að harka þetta af sér eða segir „mættu og svo sérðu bara til hvernig þú verður“. Það er ekki til í myndinni.

En þetta átti að vera jólapistill, mikið er ég spenntur fyrir jólnum og þá kannski sérstaklega matnum þó svo það sé orðið alltof auðvelt að næla sér í hamborgarhrygg löngu fyrir jól, þetta er orðið jafn hversdagslegt og lasagna í mótuneytum bæjarins.

En mikið á að láta okkur vinna um jólin og það er kannski bara fyrir bestu að láta aðfangadag vera á föstudegi „óþarfa frí um jólin það tíðkaðist ekki hér á árum áður“ myndi kannski einhver segja í pottunum, en þetta er betra fyrir veskið og sennilega aldrei eins gott eins og í janúar að fá fint inn á heftið.

Til jólasveinanna sem eru væntanlegir á næstunni vil ég segja passið að spritta ykkur vel og ekki vera að fara milli húsa ef þið eruð með minnstu einkenni. Það er ekki gott að senda alla í sóttkví yfir hátíðarnar en besta við það ef þið treystið ykkur ekki á sleðana þá getið þið heyrt í Heimkaup og þeir keyra þessu upp að dyrum fyrir ykkur.



BRAGI THOR

MOSFELLSBAKARI'S  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60



# SMÁ AUGLÝSINGAR

## Stríðsmunir

Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit [www.fbi.is](http://www.fbi.is) sími 822-5344. Tryggvi.

**Smáauglýsingarnar eru friar fyrir einstaklinga**

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



**PÚ GETUR  
AUGLÝST  
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



## Tækifæriskort jólakort

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar er að selja tækifæriskort án texta, seld 10 stk. saman í pakka á kr. 3.800.- 2 myndir. Tilvalið sem jólakort. Allur ágóði rennur til góðra mála sem klúbburinn er að vinna að. Hægt er að hafa samband við Elsu (elsa.hakonar-dottir@gmail.com) eða Rögnu (ragnakr@live.com) einnig seld í Apótek Mos.



**JÓLABLAÐ  
MOSFELLINGS  
KEMUR ÚT  
23. DES.**

Blaðinu er dreift fritt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

[mosfellingur@mosfellingur.is](http://mosfellingur@mosfellingur.is)

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



**HJÁLMAR GUÐMUNDSSON**  
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI  
S: 6959922  
[FHSVERK@GMAIL.COM](mailto:FHSVERK@GMAIL.COM)



**Bilapartar ehf**  
Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
[www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is)

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

**ALÚÐ • VIRÐING  
TRAUST • REYNSLA**

Símar allan sólarhringinn:  
581 3300 & 896 8242

[www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum heim til aðstandenda og  
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**LÖGMANNSTOFA**

**BJARNI LÁRUSSON**

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

ÞVERHOLT 2 MOSFELLSBÆ

669 7909 [bjarni@allt.is](mailto:bjarni@allt.is)



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
**HEILSUEFLING  
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbæ

Sími 578 5080

**GLERTÆKNI ehf**

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • [WWW.GLERTAEKNI.IS](http://WWW.GLERTAEKNI.IS)



**MALBIKSTÖÐIN**



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

[www.bmarkan.is](http://www.bmarkan.is)

Tek að mér  
alla krana- og  
krabbavinnu

**Útvega allt  
jarðefni**

**VÖRUBÍLL P.B.**

Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • [arioddsson@arioddsson.is](mailto:arioddsson@arioddsson.is)  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

[www.arioddsson.is](http://www.arioddsson.is)



BÍLAVIDGERÐIR  
**BÍLHÚSIÐ**

[www.bilhusid.is](http://www.bilhusid.is)

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

**Passamyndir**

Við bjóðum upp á myndatöku  
fyrir vegabréf, ökuskríteini, ferilskrár,  
starfsmannaskríteini og fleira,  
bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

**Myndo.is**

Þverholti 5 - 270 Mosfellsbæ  
Pantanir í síma:  
8981744 eða á [myndo@myndo.is](mailto:myndo@myndo.is)



# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað langar þig í í jólagjöf?



**BRANDUR ÓLI:**  
Nintendo Switch



**ÍSAK CLAUSEN:**  
Snjóbretti



**HALLDÓR KÁRI:**  
PS5



**KAREN HANNA:**  
PC



**DANÍEL:**  
PS5



**TÓMAS ORRI:**  
Brúnkukrem og tan remover.



@MOSFELLINGUR

Fylgdu okkur á Instagram...



Hvitt þema í Króatíu



Bjöllurnar á Tene



Lions-sveinarnir gleðja



Róm-antikín

## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Eldingar-menn



Afmælisskál



Vínkonur á aðventu



Hin heilaga þrenning



Kjörin til stækkunar



Alltaf á toppnum



Álfýsingarnir



**SEXARINN Í STUÐI**  
**JÓLASMÁKK Á AÐVENTU**

**TVÍFARAR**



Ágúst Sæland



Kiddi Hjálmur

**Sprey verður með jóladaga 9. og 10. desember**

**15% afsláttur af öllum vörum og tækjum.**

Kurudyr.is og byKrymmi verða á svæðinu og munu sýna og selja vörur með sérstökum afslætti þessa daga.

**Nældu þér í jólagjöfina hjá okkur. Eitthvað fyrir alla. Sprey jóladagar verða bæði í Mosfellsbæ og á Garðatorgi.**

Fylgstu með á Instagram - Sprey Harstofa



Sími 5176677  
noona.is/sprey

DEPOT. milkshake. FRAMAR. kurudyr. KEVINMURPHY. OLAPLEX.



*Ævintýrleg verslun í Mosfellsbæ*



*Háholti 14 - Sí: 5531900*



# ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur  
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.



www.allt.is Sími 560 5500



## JÓLALEGT Á SKÁLATÚNI

Fyrsta laugardag í desember fór fram árlegur jólamarkaður á Skálatúni. Glæsilegt handverk var til sölu í Búðinni okkar og boðið var upp á piparkökur og heitt súkkulaði.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

## Múlalundur

Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ  
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS  
við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Davíð Ólafsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
896-4732

Þjónusta við  
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð  
**588 55 30**



### Koparsléttu á Esjumelum



Vandað og vel byggt 285 fm iðnaðarhúsnæði á Esjumelum. Milliloftið er þar af ca 90 fm. Góð vinduhurð. Malbikað plan. Góð aðkoma. Mikil lofthæð í hluta húsnæðisins. Verð: 59,5 m.

### Pverholt



Mjög gott og aðgengilegt 212 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð við Pverholt. Snyrtilegt húsnæði sem hentar vel undir ýmsa starfsemi. Næg bílastæði. Laust 1. febrúar 2022.

### Leirvogstunga



Glæsilegt tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð. Flottur útsýnisstaður við Leirvogstungu. 350 fm hús. Vel byggt, klætt að utan. Stórar svalir. Góð lofthæð. Hiti í gólfum á efri hæð. Vandað hús byggt af reyndum byggingameistara.

### Blíðubakki-hestamiðstöð



Vel staðsett 900 fm. hestamiðstöð efst í hesthúshverfi Mosfellsbæjar. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar og fl. Sér íbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstað fyrir hestafólk, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stór hlada og tæki. Góð gerði og bílastæði.